

Ársrit
Bandalags Íslenskra leikfélaga
2017–2018



Útgefandi:
Bandalag íslenskra leikfélaga
Kt. 440169-0239
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Sími: 551 6974
Netfang: info@leiklist.is
Veffang: leiklist.is

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ólöf Þórðardóttir
Þráinn Sigvaldason
Gísli Björn Heimisson
Anna María Hjálmarsdóttir

Uppsetning efnis:
Vilborg Árný Valgarðsdóttir

Prófarkalestur:
Ólöf Þórðardóttir
Þráinn Sigvaldason
Gísli Björn Heimisson
Anna María Hjálmarsdóttir

Prófarkalestur og ráðgjöf:
Hörður Sigurðarson

Forsíðumyndin er úr sýningu Leikfélags Hveragerðis, *Glanni glæpur í Latabæ*

Efnisyfirlit

Leiðari	5
Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2017–2018	6
Stjórn, starfsfólk og nefndir	7
Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga	8
Skýrslur nefnda frá aðalfundi	11
Leiklistarskólinn	11
Leiklistarvefurinn	13
Allt fyrir andann	14
Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2017	15
Myndir frá hátíðakvöldverði að Reykjaskóla	18
Myndir úr skólastarfinu	19
Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna	20
Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2017-18	52
Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga	54
Menningarstefna	59
Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga	60
Stuttverkahátíð í Logalandi 4. maí 2018	70
Fyrirlestrar í Logalandi 5. maí 2018	71
AITA/IATA leiklistarhátíðin í Mónakó 2017	72
Ársreikningur 2017	75
Lög Bandalags íslenskra leikfélaga	84

Leiðari

„Hvað ertu að gera úti í leikhúsi öll kvöld? Ertu bara að leika þér?“ Þetta eru spurningar sem undirrituð hefur fengið um sitt aðaláhugamál. „Hvaða, hvaða, mín bara að leika sér!“ Þessu er auðvelt að svara með einföldu já-i. Já, ég leik mér og er stolt af því.

Af því að það er hollt að leika sér, ekki satt? Og það er hægt að leika sér af metnaði.

Það hafa leikfélög um allt land gert undanfarið leikár, sett upp sýningar, haldið námskeið, sent fólk á námskeið – tekið þátt í samvinnuverkefnum hvert í sínu sveitarfélagi, haldið opin hús, leikið á þorrablótum, árshátíðum, 17. júní, frumflutt ný verk, samið söngleiki, farið á leiklistarhátíðir og svo mætti lengi telja.

Menning snýst um fólk, fyrst og fremst. Opinberir aðilar hafa ákveðnum samfélagslegum skyldum að gegna svo að fólk geti komið saman og skapað. Víða um land búa í dag mörg sveitarfélög mjög vel að sínum leikfélögum á margvíslegan hátt. Þar má nefna þátttöku í leigukostnaði, hvernig sum sveitarfélög útvega með samstarfssamningi jafnvel húsakost fyrir félögin án endurgjalds. Mjög mörg sveitarfélög gera langtíma menningarsamninga við sitt heimaleikfélag þar sem tíundaðar eru gagnkvæmar skyldur og ábyrgð. Það er skynsamlegt og eðlilegt að sveitarfélög hugi að menningarstarfsemi og í því felast mikil tækifæri.

Því miður hefur borið á því að stór sveitarfélög, þar sem jafnvel okkar elstu leikfélög hafa verið með öfluga starfsemi frá upphafi, láti sig litlu varða hvort eða hvaða aðstöðu leikfélög hafa og sýni starfinu lítinn sem engan skilning. Það er nóturlegt að svo sé komið að öflug leikfélög fái hvergi inni með sína starfsemi og vonandi eitthvað sem verður ekki daglegt brauð. Eins mikilvæg og menningarstarfsemi er, mætir hún oft ekki forgangi. Við getum beitt þrýstingi sem sameinað afl og við getum sótt kraft til annara félaga, fengið stuðning, aðstoð, borið saman bækur, og fengið hugmyndir frá öðrum. Við getum bent á góðu dæmin þar sem sveitarfélög hafa staðið sig með eindæmum vel í samstarfi við leikfélög og sagt frá, og mögulega skapað þrýsting. Því sveitarfélögin keppa líka innbyrðis um íbúa, ekki satt? Og hluti af lífsgæðum samfélaga er hvernig menningarstarfsemi er þar í boði, jafnt fyrir iðkendur og áhorfendur.

En sú öfluga grasrót sem leiklistarhreyfing okkar er, hefur sig upp (jafnvel húsnæðislaus) og skilar sér inn í skapandi starf víða um land – inn í skóla, listastofnanir, heim í stofu, út í heim. Þá smitar öll viðleitni út frá sér. Mætum á sýningar, setjum „like“ við færslur, viðburði og síður hjá leikfélögum um land allt. Hvetjum aðra til að stofna leikfélög eða endurvekja. Víða spretta laukar. Gleymum því aldrei að sköpunin göfgar andann, gefur og gleður. Verum dugleg að styðja hvert annað og leikum okkur saman.

Að lokum vil ég þakka Vilborgu Valgarðsdóttur, framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf undanfarin ár, en hún lætur af störfum um áramót eftir 40 ára starf hjá Bandalaginu, fyrst sem starfsmaður á skrifstofu og svo, undanfarin 25 ár sem framkvæmdastjóri. Framlag hennar til Bandalagsins er ómetanlegt og verður seint fullþakkað. Við segjum einfaldlega TAKK VIBBA!



Guðfinna Gunnarsdóttir

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður Bandalags íslenskra leikfélaga

Aðildarfélög Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2017–2018

Borgarbörn, Reykjavík

Freyvangsleikhúsið, Eyjafirði

Halaleikhópurinn, Reykjavík

Hugleikur, Reykjavík

Leikdeild Umf. Gnúpverja

Leikfélag Austur-Eyfellinga

Leikfélag Blönduóss

Leikfélag Dalvíkur

Leikfélag Fjallabyggðar

Leikfélag Flateyrar

Leikfélag Fljótisdalshéraðs, Egilsstöðum

Leikfélag Hafnarfjarðar

Leikfélag Hofsóss

Leikfélag Hornafjarðar

Leikfélag Hólmavíkur

Leikfélag Húsavíkur

Leikfélag Hveragerðis

Leikfélag Hörgdæla

Leikfélag Keflavíkur

Leikfélag Kópavogs

Leikfélag Mosfellssveitar

Leikfélag Norðfjarðar

Leikfélag Rangæinga, Hvolsvelli

Leikfélag Sauðárkróks

Leikfélag Selfoss

Leikfélag Seyðisfjarðar

Leikfélag Sólheima, Grímsnesi

Leikfélag Vestmannaeyja

Leikfélag Ölfuss, Þorlákshöfn

Leikfélagið Baldur, Bíldudal

Leikfélagið Borg, Grímsnesi

Leikfélagið Grímnir, Stykkishólmi

Leikfélagið Óríon, Reykjavík

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn, Akranesi

Leikfélagið Skrugga, Reykhólum

Leikfélagið Sýnir, á landsvísu

Leikflokkurinn Hvammstanga

Leikhópurinn Lopi, Árborg

Leikhópurinn Vera, Fáskrúðsfirði

Leiknefnd Umf. Grettis, Miðfirði

Litli leikklúbburinn, Ísafirði

Stúdentaleikhúsið, Reykjavík

Umf. Biskupstungna, leikdeild, Bláskógab.

Umf. Dagrenning, leikdeild, Lundarreykjadal

Umf. Efling, leikdeild, Reykjadal

Umf. Íslendingur, leikdeild, Hvanneyri

Umf. Reykdæla, Reykholti

Umf. Skallagrímur, leikdeild, Borgarnesi

Stjórn, starfsfólk og nefndir



*Meðstjórnandi
Bernharð Arnarson
Hörgárdal*



*Varaformaður
Ólof Þórðardóttir
Reykjanesbæ*



*Formaður
Guðfinna Gunnarsdóttir
Selfossi*



*Ritari
Þráinn Sigvaldason
Hörgárdal*



*Meðstjórnandi
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík*



*Varastjórn
Ágúst T. Magnússon
Seyðisfirði*



*Varastjórn
Salbjörg Engilbertsdóttir
Hólmavík*



*Varastjórn
Þórvör Embla Guðmundsdóttir
Borgarfirði*



*Varastjórn
Þrúður Sigurðar
Þorlákshöfn*



*Varastjórn
Sigríður Hafsteinsdóttir
Selfossi*



*Lénsherra
Hörður Sigurðarson
Reykjavík*



*Frankvæmdastjóri
Vilborg Árný Valgarðsdóttir
Kópavogi*



*Skráning leikrita
Ármann Guðmundsson
Reykjavík*




*Skólanefnd
Hrunn Ólafsdóttir
Reykjavík*



*Skólustýra
Dýrleif Jónsdóttir
Reykjavík*



*Skólustýra
Hrefna Friðriksdóttir
Reykjavík*



*Skólanefnd
Herdis Þorgeirsdóttir
Mosfellsbæ*



*Skólanefnd
Gísli Björn Heimisson
Reykjavík*



Skýrsla stjórnar Bandalags ísl. leikfélaga

Lögð fram á aðalfundi sem haldinn var í Logalandi 5 og 6. maí 2018

I. Stjórn

Á starfsárinu skipuðu stjórn þau:

Guðfinna Gunnarsdóttir, Selfossi, formaður
Ólöf Þórðardóttir, Reykjanesbæ, varaformaður
Práinn Sigvaldason, Hörgárdal, ritari
Bernharð Arnarsson, Hörgárdal, meðstjórnandi
Gísli Björn Heimisson, Reykjavík, meðstjórnandi.

Í varastjórn sátu:

Prúður Sigurðardóttir, Salbjörg Engilbertsdóttir,
Ágúst T. Magnússon, Embla Guðmundsdóttir og
Sigríður Hafsteinsdóttir.

Framkvæmdastjóri í Þjónustumiðstöð er sem
endranær Vilborg Valgarðsdóttir.

Stjórn hélt fimm starfsfundi á árinu. Einn að
afloknum aðalfundi í Ölfussi og þrjá í þjónustu-
miðstöð okkar í Reykjavík og þann síðasta hér í
Logalandi í gær. Fjarfundarbúnaður var notaður
endrum og sinnum með góðum árangri þegar
ritari voru Práinn og meðstjórnandi Bernharð áttu
ekki heimangengt úr Hörgárdalnum. Einnig hefur
mjög skemmtilegur fésbókarhópur okkar stjórnar-
manna verið nýttur til góðra samskipta árið um
kring. Er starfsfólki og stjórn þökkueð góð sam-
vinna á árinu.

II. Starfsemi félaganna

31 aðildarfélög Bandalagsins sendu inn styrk-
umsóknir fyrir alls 86 leiksýningar og leikþætti,
18 námskeið og 37 skólanemendur fyrir leikárið
2016-2017. Fullur styrkur reyndist vera 330.746
krónur. Ársritið okkar inniheldur síðan allar frekari
upplýsingar um starfsemina. Ekki liggja fyrir tölur
um umfang starfsins á þessu leikári en engin
ástæða er til að ætla annað en það sé svipað og
verið hefur. Félögin í Bandalaginu eru nú 48
talsins.

III. Starfsáætlun

Á síðasta aðalfundi var að venju samþykkt
starfsáætlun og verður nú farið yfir hana og sagt
frá hvað gert var til að efna einstaka liði hennar.

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfseminni.

Rekstur þjónustumiðstöðvar er alltaf í og við
og kringum núllið og við alltaf í ákveðnum línu-
dansi þar. Viðbótarstyrkur aðildarfélaganna

sem samþykktur var á síðasta aðalfundi gerði gæfumuninn fyrir starfsárið og sést það glögg á reikningum Bandalagsins sem kynntir verða hér á eftir.

Vilborg hefur setið fundi með hópi sem settur var af stað af menntamálaráðuneytinu um það sem þeir kalla Sameiningu/Hagræðingu í rekstri menningarstofnana. Engin niðurstaða liggur fyrir ennþá en síðasti fundurinn var í gær.

Um skólann og vefinn munu fulltrúar viðkomandi nefnda fjalla í sínum skýrslum.

Nýtt rafrænt umsóknarkerfi er nú orðið allsráðandi og hefur gefist vel.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Framlag til starfsemi áhugaleikfélaganna er nú 18,5 milj. kr. Til þjónustumiðstöðvarinnar er framlagið 6 milj. kr. á ári samkvæmt samningi sem gildir til loka ársins 2018. Vegna kosninga og því sem því fylgir höfum við ekki enn fengið fund um nýjan samning, en ef vel á að vera og skrifstofan rekin áfram með sama sniði og verið hefur, þyrftum við að fá ríflega hækkun á samningi og komast upp í 8.5 milljónir á ári til að halda sjó.

Við bíðum enn þá spennt eftir því að hitta nýjasta ráðherra menningar og munum freista þess að kynna okkar málefni fyrir honum á haustdögum.

Sérverkefni ársins

1. Að halda vinnustofunámskeið/fyrirlestrum um t.d. vefgerð, Qlab, Office 365 ofl. í tengslum við næsta aðalfund.

Vinnustofur fóru fram í morgun við mikinn fögnuð allra viðstaddra.

2. Að haldin verði stuttverkahátíð í tengslum við aðalfund 2018.

Stuttverkahátíð fór fram í gærkveld og ætlaði fagnaðarlátunum aldrei að linna.

3. Settur verði á laggirnar starfshópur sem hefji undirbúning að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við afmæli BÍL

árið 2020.

Starfshópur hefur verið settur á laggir. Í honum sitja sú sem hér stendur, framkvæmdastjóri og Ólöf, varaformaður. Hópurinn tekur við öllum góðum ábendingum og gleðigjöfum og vonandi verða líflegar umræður um hátíðina hér í hópavinnu á eftir og helst slegist um að fá að halda hana.

IV – Önnur mál

Uppfærsla Leikfélags Hveragerðis á Naktir í náttúrunni í leikgerð og leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar var valin Athyglisverðasta áhuga-leiksýning leikársins af valnefnd Þjóðleikhússins og var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu 15. júní við góðan orðstír. Í ár eru sýningarnar 16 sem valið verður á milli og mun fulltrúi Þjóðleikhússins tilkynna um það undir borðum í Logalandi í kvöld.

Búið er að setja á fót gagnabanka þar sem hægt er að setja inn myndir af búningum og propsi til láns og leigu. Þessi banki er á Leiklistarvefnum. Lénsherra vor var ekki lengi að setja gagnabankann af stað, nú er það ykkar að njóta og nota.

Af erlendum vettvangi má geta þess að sýning Leikfélags Hafnarfjarðar, Ubbi kóngur, í leikstjórn Ágústu Skúladóttur var valin til þátttöku á IATA/AITA alþjóðlegu leiklistarhátíðinni í Mónakó sem fram fór seinni hluta ágústmánaðar. Er skemmst frá því að segja að sýningin sló algerlega í gegn og fékk frábærar viðtökur. Ubbi kóngur hefur ekki lokið sér af í sýningum, þrátt fyrir að Leikfélag Hafnarfjarðar sé, eftir því sem ég best veit, enn þá heimilisláust, þá víla Hafnirfjörðingar það ekki fyrir sér að ferðast með Ubba ár eftir ár til meginlandsins og leggja enn á ný land undir fót, að þessu sinni til Hronova í Tékklandi en þar sýna þau í ágúst nk.

Sýning Leikfélags Kópavogs, Svarti kassinn eftir Hrefnu Friðriksdóttur í leikstjórn Ágústu Skúladóttur, verður fulltrúi Íslands á NEATA leiklistarhátíðinni „Baltic Flight“ sem haldin verður í bænum Anykschiai í Litháen.

Sem fyrr sagði sóttu formaður og framkvæmdastjóri aðalfund IATA/AITA í Mónakó, en fundurinn var lengri en venjulega þar sem lagðar voru fram heildarbreytingar á lögum samtakanna. Ekki var

nú allt samþykkt, þó svo að breytingarnar hefðu eflaust hjálpað til við að opna samtökin meira en nú er. Ákveðið var að fækka í stjórn og formaðurinn tekur strax við eftir stjórnarkjör. Allar hugmyndir um að stækka og opna félagsskapinn voru skotnar í kaf á fundinum. Mikil hagsmunapólitík var í gangi meðal frönskumælandi fulltrúanna og sterk andstaða við þær breytingar sem lagðar höfðu verið fyrir fundinn. Fundurinn var áhugaverður og gagnlegur, en mögulega blikur á lofti og frekari breytingar gætu orðið innan fárra ára, sem væri kostur. Ársfundur NEATA var einnig haldinn í Mónakó, en þar var aðalræðuefnið komandi leiklistaráhátíð í Lithaén, þar sem fagnað verður 20 ára afmæli NEATA. Formaður og framkvæmdastjóri mun sækja téða hátíð heim.

María Björt Ármannsdóttir hefur verið fulltrúi okkar í NEATA Youth og mun sækja fund og leiksmíðju fyrir okkar hönd ásamt Söru Rós Guðmundsdóttur í tengslum við NEATA hátíðina.

Okkur var boðið að taka þátt í barnaleikhúsmóti fyrir börn á aldrinum 13-15 ára sem á vegum EDERED og verður (vonandi) haldin í Toulouse í Frakklandi 11. – 22. júlí. Við ákváðum að taka þátt í hátíðinni í samstarfi við Færeyinga, þar sem okkur fannst umfangið heldur mikið fyrir okkur einsömul. Til stendur að senda 4 börn frá Íslandi, 4 börn frá Færeyjum, workshopkennara frá Færeyjum og umsjónarmann með hópnum frá Íslandi. Við bíðum spennt eftir að vita hvort hátíðin verði haldin yfirhöfuð, þar sem legið hefur á svörum um framgang mála. Kristín Svanhildur Helgadóttir mun fylgja börnunum út ef af verður.

Kannað hefur verið hvort við fáum ekki til afnota eða eignar upptökur RÚV frá heimsókn „Landans“ í Bandalagsskólann síðastliðið sumar, sem og samskonar upptökur úr þættinum „Út og suður“, þar sem skólinn var einnig heimsóttur

þegar hann átti heima í Svarfaðadal, að mig minnir árið 2007. Gaman væri að eiga þessar upptökur og hafa til taks á vefnum okkar. Á skólasíðuna á Leiklistarvefnum er nú kominn hlekkur á klippuna úr Landanum frá síðasta sumri.

Hrútafjörður reyndist vera fyrirtaksstaður fyrir skólann okkar og ber að þakka skólastýrum fyrir að halda vel á skólaspöðunum og tryggja að þar eigum við samastað næstu árin. Lénsherra er enn fremur þakkað fyrir ævarandi þolinmæði og vöktun á kerfum vorum og vefsíðu.

Stjórn þakkar ennfremur Vilborgu framkvæmdastjóra fyrir frábært samstarf á árinu. Þetta er síðasti aðalfundur hennar sem starfsmaður Bandalagsins, en hún hefur ákveðið að hætta störfum frá og með næstu áramótum. Vilborg hefur starfað fyrir Bandalagið í 40 ár, fyrst sem starfsmaður á skrifstofu og svo undanfarin 25 ár sem framkvæmdastjóri. Orð fá ekki lýst hvers virði hún er okkur öllum og framlag hennar til leiklistarstarfs er ómetanlegt. Fyrir hönd allra sem hafa unnið með Bandalaginu undanfarin 40 ár segjum við; Takk, takk, takk.

Við hvetjum ykkur til að fylgjast með fréttum á heimasíðunni og vera í sambandi við okkur í stjórninni eða Vilborgu ef spurningar vakna. Verum líka dugleg að styðja við bakið hvert á öðru. Mætum á sýningar, lækum færslur, viðburði, síður hjá leikfélögum um land allt. Hvetjum aðra til að stofna leikfélög eða endurvekja. Samtakamáttur okkar er mikill ef við viljum og við viljum virka leikhússtarfsemi um land allt.

Guðfinna Gunnarsdóttir, formaður

Skýrslur nefnda frá aðalfundi



Leiklistarskólinn

Skýrsla skólanefndar.

Lögð fram á aðalfundi BÍL 5. maí 2018

Á liðnu starfsári sátu með mér í skólanefnd Dýrleif Jónsdóttir, Herdís Þorgeirsdóttir, Hrund Ólafsdóttir og Gísli Björn Heimisson. Skólanefndin ber sem fyrr höfuðábyrgð á að skipuleggja starf Leiklistarskóla Bandalagsins og fundar reglulega allt árið. Ég nota þetta tækifæri til að þakka kærlega öllu samnefndarfólki mínu fyrir metnaðarfullt og skemmtilegt samstarf.

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í 21. sinn þann 12. júní 2017. Það var heilmikil spennan í loftinu því við vorum að flytja okkur um set. Eftir nokkur farsæl ár að Húnavöllum í Húnavatnshreppi færðum við okkur yfir í Reykjaskóla í Hrutafirði. Eins og nefnt var á síðasta aðalfundi var helsta ástæðan fyrir flutningum aukinn ferðamannastraumur að Hótel Húna sem skapaði togstreitu um tímasetningar og verð. Reykjaskóli reyndist því líkur happafengur. Þar eru reknar skólabúðir yfir vetrartímann, rekstraraðilinn hefur engan áhuga á að

hýsa ferðamenn á sumrin heldur vill helst af öllu fá hópa sem koma ár eftir ár. Aðstaðan hentaði okkur mjög vel, samstarfið gekk að óskum og við erum vongóð um að verða þarna áfram um ókomna tíð.

Skólann árið 2017 sóttu alls 39 nemendur.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist II - kennari Ágústa Skúladóttir
2. Sérnámskeið í leikstjórn - kennari Rúnar Guðbrandsson
3. Sérnámskeið fyrir leikara - kennari Þorsteinn Bachmann

Þá fengum við góðan hóp höfunda í heimsókn. Niðurstöður viðhorfskönnunar bentu til mikillar ánægju með skólastarfið.

Það er skemmtilegt að segja frá því að við fengum sjónvarpsfólk í heimsókn síðasta daginn, nánar tiltekið aðstandendur Landans á

RÚV. Þau fylgdust með undirbúningi og upphafi leiklistarhátíðarinnar sem hefðbundið er að hafa á lokadaginn og tóku ýmis viðtöl. Afraksturinn var sýndur í sjónvarpi allra landsmanna 5. nóvember 2017 og krækja á skólaumfjöllun Landans er á skólasíðunni á Leiklistarvefnum.

Árið 2018 verður leiklistarskólinn settur í Reykjaskóla þann 9. júní. Sumarið verður óvenjulegt þar sem boðið verður upp á fjögur námskeið í stað þriggja eins og oftast áður.

Mig langar að byrja á því að rifja upp að á síðasta aðalfundi kynntum við þá ráðagerð að bjóða ekki upp á leiklist I sumarið 2018 og eftir vandlega íhugun varð það niðurstaðan. Til upprifjunar þá höfðu leiklist I og leiklist II verið haldin til skiptis frá árinu 2010 og aðsókn í síðustu syrpuna var ekki sem skyldi. Þá eru þessi grunnnámskeið plássfrek og hafa takmarkað að einhverju leyti val á sérnámskeiðum fyrir leikara. Við leggjum þó áherslu á að vera með námskeið fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna.

Fyrir þá sem hafa aldrei komið í skólann áður eru tvö námskeið í boði:

Karl Ágúst Úlfsson verður með grunnnámskeið í leikritun. Námskeiðið er ætlað öllum sem hafa áhuga á að spreyta sig við leiktextasmíð. Skráðir nemendur eru 12 en möguleiki að taka 4 í viðbót.

Þá er það okkur sérstök ánægja að bjóða upp á námskeið sem kallast Á bak við tjöldin undir styrkri stjórn Evu Bjargar Harðardóttur. Þetta er grunnnámskeið í hönnun leiksýninga og hentar öllum sem hafa áhuga á baksviðsvinnu í leikhúsinu, með áherslu á hönnun, gerva-, búninga-, leikmuna- og leikmyndagerð. Það hefur lengi verið kallað eftir námskeiði af þessari gerð. Skráðir nemendur eru einungis 9 talsins og hægt að bæta við nokkrum í viðbót.

Fyrir lengra komna eru einnig tvo námskeið í boði:

Masterclass námskeið fyrir leikstjóra, kennari Rúnar Guðbrandsson. Þar verður byggt ofan á fyrri námskeið og skráðir nemendur eru 7.

Þá verður trúðanámskeið í boði fyrir þá sem hafa lokið grunnnámskeiðum í leiklist eða hafa umtalsverða reynslu, kennarar Ágústa Skúladóttir og Gunnar Björn Guðmundsson. Þetta námskeið reyndist mjög vinsælt, skráðir nemendur eru 18 og einn á biðlista.

Sumarið lítur sem sagt vel út og skólastýrur hlakka mikið til að njóta þess að fylgja nemendum eftir eitt árið enn. Segi ég þá lokið skýrslu skólanefndar. Takk fyrir!

Hrefna Friðrískdóttir



Reykjaskóli í Hrítafirði



Leiklistarvefurinn

Skýrsla vefnefndar 2018. Lögð fram á aðalfundi BÍL 5. maí 2018

Hér kemur skýrsla vefnefndar Leiklistarvefsins. Í vefnefnd sitja undirritaður og framkvæmdastjóri Bandalagsins.

Flest gengur sinn vanagang hjá Leiklistarvefnum. Engin stórtíðindi hafa verið í þróun á vefnum en vefurinn er þó sífellt í reglulegu viðhaldi, þar sem kerfið sjálft og allar þær fjörmörgu viðbætur sem því fylgja eru uppfærðar. Þrjú ár eru nú liðin frá stóru uppfærslunni þegar við skiptum úr hinu aldna Joomla kerfi yfir í nýttiskulegra WordPress kerfi og almenn ánægja með það hjá okkur sem vinnum við vefinn og vonandi hjá notendum einnig. Það má vel endurtaka það sem kom fram í síðustu skýrslu að kosturinn við nýja kerfið er vitaskuld sá að ekki þarf lengur að kaupa utan- aðkomandi aðila til að sjá um allar mögulegar uppfærslur heldur eru þær yfirleitt tiltölulega einfaldar aðgerðir. Sveigjanleikinn í kerfinu er mikil breyting frá því sem áður var. Kosturinn sem fylgir því að ekki þurfi að kaupa vinnu að utan er þó auðvitað einnig galli þar sem nánast allt er nú

gert innanhúss. Viðhald og umsjón tekur mun meiri tíma nú en áður enda er öll virkni og notkun margfalt meiri en áður var.

Eins og áður hefur komið fram er mesta vinnan og viðhaldið í kringum umsóknakerfið sem krefst töluverðs utanumhalds og vinnu sérstaklega í kringum umsóknir og úthlutanir ríkisstyrksins. Stundum þarf að aðstoða notendur vegna ýmissa vandamála en þau eru þó yfirleitt einföld og auðleyst en taka alltaf einhvern tíma. Ekki er lengur hægt að skila inn umsóknum á pappír og nokkur félög eru enn að bætast við í hópinn sem er með aðgang að kerfinu.

Umsóknirnar skila sér nú inn á rafrænu formi en enn má gera betur varðandi úrvinnslu gagna. Markmiðið er að fá fram meiri sjálfvirkni í þann hluta þannig að dragi úr þeirri vinnu sem lögð er á framkvæmdastjóra í tengslum við úthlutun. Þá má einnig nefna að frá og með næsta leikári verður sú breyting gerð með upptökum af sýningum að einungis verður tekið við upptökum

á vef á YouTube eða Vimeo. Þetta verður gert í ljósi þess að mikil vandræði hafa verið með upptökur annarsstaðar frá.

Að flestu leyti gengur vinnan við vefinn sinn vanagang. Vefverslunin skilar sínu þó eitthvað hafi dregið úr sölu enda heldur Vilborg vel utan um hana þannig að viðskiptavinir geta ávallt séð vöruúrvalið á hverjum tíma. Pantanir eru eitthvað færri en á síðasta ári. Ekki er enn búið að tengja greiðslugátt þannig að hægt sé að ganga frá kaupum en að því kemur um síðir.

Við erum með hýsingu hjá fyrirtækinu 1984.is og eins og sumir hafa kannski heyrt lentu þeir í miklum hremmingum í vetur þegar kerfin þeirra hrundu. Þar á meðal var auðvitað Leiklistarvefurinn sem lá niðri í um sólarhring.

Þessu var kippt í liðinn og engin gögn töpuðust hjá okkur.

Undirritaður hefur rætt það við framkvæmdastjóra að nauðsynlegt sé að skjala kerfið svo aðrir eigi auðveldara með að setja sig inn í það.

Ekki eru miklar breytingar eða uppfærslur fyrirhugaðar á vefnum á næstunni. Eins og alltaf eru þó allar góðar ábendingar og hugmyndir varðandi Leiklistarvefinn vel þegnar.

Á síðasta ári benti undirritaður á að farið væri að slá í ýmislegt í tölvukosti Þjónustumiðstöðvarinnar og þau orð eiga enn við.

Lýkur svo skýrslu Vefnefndar.

F.h. vefnefndar, Hörður Sigurðarson, lénsherra

Allt fyrir andann

Sameiningarsöngur Bandalags íslenskra leikfélaga

Það mælti mín móðir
að mér skyldi kaupa
fleyg af fegursta víni.
En lát'eins og leikstjórinn
– lítið mig staupa'
en ég stressast svo þegar ég sýni.

Og botnlanginn brostinn
og bévítans sárin í maganum,
hvað ég er kvalinn.
Og gómana gleypti'
en ég gat gegnum tárin
brosað samt út í salinn.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inní mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Og víst er að vörðinn
við vandlega stöndum
um menningararfinn okkar.
Af hugsjónahita
á hrollköldum ströndum
Íslands – því leikhúsið lokkar.

Sá grátur, sú gleði
sá galdur að skapa
fegurð oft furðu vekur.
En ef ég er álitinn
ærunni tapa
af að leika er ljóst ég er sekur.

Því ég er einskis dóttir, ég er einskis son
ég er ykkar systkin, það er engin von
í heiminum fyrir handan
Bandalagið.
Sem elding leiftri inní mér
mitt annað heimili er hér
er allt fyrir andann
Bandalagið.

Lag: Oddur Bjarni Þorkelsson og Sigurður Illugason

Texti: Oddur Bjarni Þorkelsson

Leiklistarskóli Bandalags ísl. leikfélaga 2017

Leiklistarskóli Bandalagsins var settur í tuttugasta og fyrsta sinn þann 12. júní 2017 að Reykjaskóla í Hrótafirði og honum slitið þriðjudaginn 20. júní.

Skólann árið 2017 sóttu alls 39 nemendur og höfundar í heimsókn voru 14.

Námskeiðin voru:

1. Leiklist II - kennari Ágústa Skúladóttir
2. Leikstjón, Masterclass - kennari Rúnar Guðbrandsson
3. Sérnámskeið fyrir leikara - kennari Þorsteinn Bachmann



Hrefna Friðriksdóttir



Dýrleif Jónsdóttir

Auk kennara og nemenda voru þær skólastýrur Hrefna Friðriksdóttir og Dýrleif Jónsdóttir á staðnum allan tímann og héldu vel og örugglega utan um starfsemina.

Textinn hér á eftir er úr kynningarbæklingi skólans:

Leiklist II, grunnnámskeið – Kennari Ágústa Skúladóttir

Námskeiðið er framhaldsnámskeið fyrir leikara og ætlað þeim sem sótt hafa Leiklist I eða sambærileg námskeið. Þeir sem sótt hafa Leiklist I og hafa ekki áður sótt Leiklist II ganga fyrir.

Námskeiðið byggir á þeim grundvallarpáttum sem voru uppistaðan á Leiklist I; útgeislun og léttleika leikarans, samspili við meðleikara og áhorfendur og samvinnu í hópi, en að þessu sinni verður gengið lengra í að rannsaka þá umbreytingu sem á sér stað þegar unnið er með sama leiktextann í mismunandi leikstílum.

Þátttakendur munu fá sendar fyrirfram tveggja manna senur úr klassískum leikritum (Shakespeare/Chekov, nánar tilkynnt síðar), sem þeir þurfa að kunna utanbókar en HLUTLAUST áður en skóli hefst. Síðan munum við kanna hvaða áhrif mismunandi stíll hefur á merkingu og innihald hverrar senu.

Hvað gerist þegar sena er leikin dramatískt? Eða tragíkómískt? Melódramatískt? Hvernig fara tveir búffonar með senuna? Eða tveir trúðar? Einnig verður litið á hvernig kórinn, þ.e. allir hinir, geta mynd- og hljóðskreytt leiksenuna, hvernig virkar hún best? Með einum söngvara, þremur eða stórum hópi?

Eins og fyrr byggist þetta námskeið á mikilli virkni allra þátttakanda sem þora að taka áhættu, prófa og mistakast, prófa og takast og vera stöðugt á tánum!



Ágústa Skúladóttir

Leikstjórn III, Master Class – Kennari Rúnar Guðbrandsson



Rúnar Guðbrandsson

Master Class í leikstjórn sem byggir á Leikstjórn I og II.

Námskeið þetta verður jöfnum höndum fræðilegt og verklegt. Útgangspunkturinn er aðferð sem kennarinn hefur þróað með sér gegnum tíðina og sækir fyrst og fremst innblástur í ævistarf Konstantins Stanislavskys, bæði hina „vitsmunalegu greiningu“ sem Stanislavsky þróaði framan af ferli sínum og „aðferð líkamlegra gjörða“ sem hann vann að er hann féll frá.

Fleiri áhrifavaldar svífa þó yfir vötnunum og í fyrirlestrum verður fjallað um ýmsa strauma og stefnur í leikstjórn síðustu aldar. Þríeykið Stanislavsky, Brecht og Grotowski verða þar í brennidepli og meðul þeirra skoðuð í sambandi við tilganginn. Aðferðafræði, hugmyndafræði og fagurfræði ólíkra leikstjóra verða vegnar og metnar og bornar saman við „aðferð“ námskeiðsins.

Eftir að skráningu lýkur verða öllum þátttakendum send leikverk til skoðunar og verkefni til að íhuga og leysa áður en námskeiðið hefst, þannig að ákveðins undirbúnings verður krafist.

Kennsla fer fram með ýmsum hætti; fyrirlestrar, umræður, verklegar æfingar, einstaklingsverkefni, hópverkefni, o.s.frv. Brettið upp ermar og spýtið í lófa.

Leiklist, sérnámskeið – Kennari Þorsteinn Bachmann



Þorsteinn Bachmann

Námskeiðið er ætlað þeim sem:

1. Hafa sótt Leiklist I og II í Leiklistarskóla BÍL eða sambærileg grunnnámskeið ásamt því að hafa einhverja reynslu af leiklist.
2. Hafa umtalsverða reynslu af leiklist.

Áhersla verður lögð á sköpun í gegnum innsæi og andagift.

Markvisst verði unnið að því að efla sjálfstæði og frumsköpun leikarans. Unnið verður með list augnabliksins í gegnum núvitund og virkt ímyndunarafli.

Nemendur vinna með tveggja til þriggja manna senur sem sýndar eru í lok námskeiðs.

Aðaláhersla er á aðferðafræði Michael Chekhov. Þá verða helstu aðferðir Sanford Meisner einnig kynntar til leiks ásamt status vinnu í anda Keith Johnstone.

Nemendur Ágústu

*Anna María Hjálmarsdóttir
Birna Ösp Traustadóttir
Guðný Lára Gunnarsdóttir
Gunnhildur Þórðardóttir
Halldóra Ósk Eiríksdóttir
Ragnar Bollason
Sara Rós Guðmundsdóttir
Stefán Örn Viðarsson
Tristan Theodórsson
Valgeir Snær Backman*

Nemendur Rúnars

*Aðalsteinn Jóhannsson
Árný Leifsdóttir
Björgúlfur Egill Pálsson
Gunnar Björn Guðmundsson
Jónheiður Ísleifsdóttir
Kristín Svanhildur Helgadóttir
Magnþóra Kristjánsdóttir
Ólafur Þórðarson
Pétur Már Guðjónsson
Sigrún Tryggvadóttir
Stefán H. Jóhannesson
Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir*




Nemendur Þorsteins

*Almar Blær Sigurjónsson
Ármann Ingunnarson
Bára Einarsdóttir
Erla Dan Jónsdóttir
F. Elli Hafliðason
Fanney Valsdóttir
Gísli Björn Heimisson
Guðfinna Gunnarsdóttir
Guðný Hildur Magnúsdóttir
Guðrún Halla Jónsdóttir
Íris L. Blandon
Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
Óskar Þór Hauksson
Sigríður Bára Steinþórsdóttir
Sigríður Hafsteinsdóttir
Vala Elfudóttir Steinsen
Þórdís Sigurgeirsdóttir*



Allur hópurinn sparíklæddur fyrir lokavöldverðinn

Myndir frá hátíðakvöldverði að Reykjaskóla



Myndir úr skólastarfinu



Verkefni og skýrslur aðildarfélaganna



Þrek og tár

Freyvangsleikhúsið

Þrek og tár

Höfundur: Ólafur Haukur Símonarson

Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðsson

Þátttakendur: 40

Sýningafjöldi: 18

Áhorfendur: 1435

Brot af því besta

Höfundar: Sesselía, Vilhjálmur og leikhópurinn


Leikstjórar: Sesselía Ólafsdóttir og Vilhjálmur

Bragason

Þátttakendur: 30

Sýningafjöldi: 7

Áhorfendur: 260



Halaleikhópurinn

Maður í mislitum sokkum.

Höfundur: Arnmundur Backman

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson

Þátttakendur: 23

Sýningafjöldi: 9

Áhorfendur: 247

Skýrsla stjórnar Halaleikhópsins leikárið 2017 -18:

Stjórn eins og hún var kosin á síðasta aðalfundi:

Unnar Helgi Halldórsson formaður, Hanna Margrét Kristleifsdóttir varaformaður, Grétar Pétur

Geirsson gjaldkeri, Ása Hildur Guðjónsdóttir

ritari og Sigurður Örn Pétursson meðstjórnandi.

Í varastjórn eru Kristinn Sveinn Axelsson, Herdís

Ragna Þorgeirsdóttir og Leifur Leifsson.

Því miður verður að segjast eins og er að formaðurinn datt út eftir tvo fundi og varaformaðurinn Hanna Margrét hefur starfað sem formaður síðan, meðstjórnandinn hefur aðeins mætt á 4 fundi og ekkert spurst til hans síðan í október þrátt fyrir að við höfum reynt að ná sambandi við hann. Hann



Maður í mislitum sokkum

á eitt ár eftir í kjöri og þurfum við að grípa til ráðstafana vegna þessa. Álagið í stjórn hefur verið mjög mikið vegna forfalla annarra stjórnarmeðlima og starfið því hvílt á fáum herðum og of mikið álag verið. Því er mikilvægt að fá traust fólk í stjórn sem getur mætt á stjórnarfundum og sinnt þeim störfum sem þarf til að vel gangi og álagið dreifist jafnt á alla.

En þrátt fyrir þetta höfum við haldið 20 stjórnarfundum og verið í miklum samskiptum á samfélagsmiðlum og eftir ýmsum leiðum. Við höfum sent út 7 fréttabréf og haldið einn kynningarfund. Við stefndum að því að hafa stuttverkahátíð á 25 ára afmæli leikfélagsins 27. sept. sl. en þátttaka reyndist ekki nægjanleg. Svo við héldum félagsfund og höfðum afmæliskaffi í hléi.

Okkur barst góð gjöf frá Kristínu R. Magnúsdóttur, 17.000 kr. eða eitt þúsund kr. fyrir hvert ár sem hún hefur verið félagi.

Stjórn fór í gegnum skipurit Halaleikhópsins og uppfærði, það má sjá það inná vef félagsins.

Þröstur Guðbjartsson var ráðinn til að halda leiklistarnámskeið 16. – 24. okt. sl. og reyndist það góð innspýting í upphafi leikársins.

Við settum upp leikritið Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backmann í leikstjórn Þrastar Guðbjartssonar. Sýningar voru 9 sýningar og var sýningunni vel tekið og mikið hlegið í salnum. Aðsókn var betri en síðustu tvö ár en betur má ef duga skal.

Páll Guðjónsson hefur haldið út vefnum www.halaleikhopurinn.is fyrir okkur. Þar inni er ítarlegt yfirlit yfir starfsemi Halaleikhópsins frá upphafi til dagsins í dag.

Við endurnýjuðum vefhýsingarsamning við 1984 til 3 ára í viðbót.

Spjallkvöld var haldið mánudaginn 26. mars kl. 19.30 þar sem við spjöllum saman um næstu skref og hvað félagar vilja gera.

Fyrir nýrri stjórn liggur núna fyrst að finna leikstjóra og leikrit fyrir næsta leikár. Núverandi stjórn hefur hafið þá vinnu en ekkert er enn í hendi.

Ákveðið hefur verið að fara í allsherjargrisjun og tiltekt í innra rýminu, festa þarf fljótlega daga í það verk sem verður unnið í áföngum.

Ýmsir félagar hafa lagt okkur lið og þökkum við þeim fyrir.

Stjórn Halaleikhópsins

Hugleikur

Hráskinna

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Ásta Gísladóttir, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Þorgeir Tryggvason, söngtextar Sævar Sigurgeirsson
Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson
Þátttakendur: 30
Sýningafjöldi: 9
Áhorfendur: 289

Skýrsla formanns:

Á liðnu ári hefur félagið verið að vakna úr dvala. Eftir síðasta aðalfund tók stjórnin áskorun fundarins og leitaði eftir samvinnu við leikstjóra með það fyrir augum að setja upp stórt verkefni á leikárinu. Úr varð að Rúnar Guðbrandsson var fenginn til að leikstýra. Til verkefnisins voru fengnir höfundarnir Ármann Guðmundsson, Ásta Gísladóttir, Sigríður Bára Steinþórsdóttir og Þorgeir Tryggvason og svo Sævar Sigurgeirsson sem gerði söngtexta.



Hráskinna

Í október fóru 3 fulltrúar stjórnar á fund með nýjum rekstaraðilum í Iðnó með það fyrir augum að sýna stóra verkefni vetrarins þar. Farið var yfir tíma og sýningarfjölda sem voru 6-8 sýningar í mars/apríl. Viðmælandi okkar tók okkur vel og sagði að það væri stefna nýrra rekstaraðila að hafa sem fjölbreyttasta dagskrá. Við fórum bjartsýn af þeim fundi.

Rúnar var fenginn til að vera með fyrirlestur um leikstjórnann og leikskáldið Berthold Brecht í tengslum við fyrirhugaða stuttverkadagskrá sem átti að hafa hann og tónskáldið Kurt Weill sem innblástur.

Tónsmiðja var svo haldin þar sem hópur fólks kom saman og samdi 9 vísa að lögum.

Höfundasmiðja var haldin og mættu þar nokkrir og hafist var handa við skrif. Til að gera langa sögu stutta þá tókst ekki að manna leikstjóra á verkin og fresta varð dagskránni til vors eða jafn vel lengur.

Húsnæði félagsins var afhent í ágúst og þá tóku við flutningar, ljóst var að grisja þyrfti töluvert af dótinu okkar. En svo vasklega var gengið fram í

grisjun og flutningum að formaður handleggbraut sig hér á gólfinu, vonandi er það fyrir góðu gengi. Fall er jú fararheill eins og máltækið segir. Slys-tryggingar þær sem félagið hefur verið að borga af og staðið í þeirri meiningu að væru til að taka yfir svona atvik gera það ekki, svo stjórn sagði upp þeim tryggingum enda engin ástæða að styrkja tryggingafélögin ef ekki nýtist til neinna hluta.

Á haustdögum var sótt um styrk til Reykjavíkurborgar. Annars vegar verkefnastyrk og hinsvegar framkvæmdarstyrk. Þær gleðifregnir bárust um áramót að okkur var úthlutað 350 þús til verkefna og 500 þús til framkvæmda og ber að þakka það.

Félagið styrkti 5 nemendur í Bandalagsskólann að þessu sinni og vonar að það verði til þess að auka gæði í starfsemi félagsins.

Í byrjun janúar var farið af stað með æfingar á Hráskinnu, leikriti í fullri lengd með tónlist. Farið var hægt af stað en verkið var í vinnslu á sama tíma. Eins hafði ekki heyrst neitt frá rekstaraðilum í Iðnó og stjórn var að verða frekar áhyggjufull vegna þess að engum póstum var svarað og nákvæm tímasetning var ekki komin. Á úthlutunarhátíð borgarinnar sem haldin var í

janúar tókst þó að hafa upp á nýjum tengilið og við sendum henni nýjan póst sem ekkert svar fékkst við þar sem starfsmaðurinn hætti áður en málið komst í höfn. Þá var komið fram í febrúar og ljóst að skoða þyrfti aðra kosti líka þar sem Íðnó svaraði hvorki póstum né síma. Haft var samband við Eik, Reiti, Gamma, Íslandsbanka/ fasteignadeild, fasteignasölur sem höfðu milli-göngu um útleigu á atvinnuhúsnæði ásamt leikfélögum í nágrannasveitafélögum. Svar fékkst frá Íðnó í mars þar sem okkur var tjáð að þar sem bókanir hefðu farið í rugl þá væri ekki pláss fyrir sýninguna nema dag og dag helst í miðri viku og ekki væri pláss fyrir neitt í húsinu á milli. Þetta þýddi að ekki var hægt að sýna mannmarga sýningu með einhverja umgjörð í húsinu. Þegar þarna var komið varð stjórn að ákveða að sýna þessa sýningu í æfingahúsnæðinu okkar og búa til leikhús í hveli. Um páska var allt sett í gang, ljósarár settar upp, safnað saman ljóskösturum, áhorfendapallur smíðaður og dót sett í geymslu til að geta notað allt rýmið. Leikmynd var svo sett upp. Rafmagn lagað. Á rúmum tveim vikum var Grettirstaki lyft og leikhús búið til.

Ljóst er að ef á að nota þetta rými til sýninga þarf að gera ýmislegt til bóta.

Húsnæðið var leigt til Kvikmyndaskólans í byrjun maí en þau voru í vandræðum með stað til að sýna á. Fleiri félög hafa haft samband við okkur í leit að húsnæði svo það er ljóst að þó nokkur félög eru í húsnæðishraki.

Formaður fór á aðalfund Bandalagsins, fundurinn var tíðindalítill en þetta var síðasti aðalfundur framkvæmdastjóra en hún hættir eftir 40 ára starf í þágu áhugahreyfingarinnar.

Í lokin vil ég nefna að það er ljóst að fara þarf í endurbætur á húsnæðinu þannig að við verðum sjálfbær með sýningahald og getum mögulega leigt út bæði til æfinga og sýninga.

*Takk fyrir veturinn.
Dýrleif Jónsdóttir formaður*

Leikfélag Fjallabyggðar

Sólarferð

Höfundur: Guðmundur Steinsson

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 520



Sólarferð

Ársskýrsla leikfélags Fjallabyggðar leikárið 2017-2018:

Á ársfundi félagsins var ákveðið að ráða til okkar Ingrid Jónsdóttur og kom hún til starfa í endaðan september. Þá var farið í það að velja verk til uppsetningar og varð Sólarferð eftir Guðmund Steinsson fyrir valinu. En það er léttur gamanfarsi með ljósbláu ívafi.

Það tók nokkurn tíma að fá leikara til liðs við okkur en að lokum tókst að manna í öll hlutverk. Tveir nýjir leikarar stigu sín fyrstu skref á sviði Tjarnarborgar og var frábært að sjá hvað þeir höfðu gaman af. Það er alltaf gaman að fylgjast með á æfingartímabilinu og sjá persónurnar vakna til lífsins. Og hvernig leikararnir skapa sína persónu og ósjálfrátt fer manni að þykja vænt um þær og saknar þeirra þegar leiktímabilinu lýkur. Frumsýning var 10. nóvember og tókst hún svona glimrandi vel. En alls urðu sýningarnar átta. Hefðum við viljað sjá fleiri leikhúsgesti sækja okkur heim. En við vorum svona þremur vikum of seint á ferð þar sem farið var að nálgast jólin og fólk farið að sækja jólatónleika.

Þuríður Sigmundsdóttir, formaður

Leikfélag Hafnarfjarðar

Magnaðar marengstertur

Höfundur: Ólafur Þórðarson

Leikstjóri: Stefán H. Jóhannesson

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 50

Stuck in the middle

Höfundur: Gunnar Björn Guðmundsson

Leikstjóri: Ólafur Þórðarson

Þátttakendur: 4

Sýningafjöldi: 1

Áhorfendur: 50

Skýrsla formanns Leikfélags Hafnarfjarðar leikárið 2017-2018:

Þetta er annað leikárið sem við erum húsnæðislaus og litast starfsemin óneitanlega af því.

Á leikárinu var Ubbi kóngur valinn til þátttöku á alþjóðlegri leiklistarhátíð IATA sem haldin var í Mónakó. Við sýndum þar tvær sýningar við góðan orðstír í ágúst.



Strípur og þikur, flutt á Stuttverkahátíð í Logalandi

Í febrúar var okkur boðið að vera með atriði á stjórnuljósakvöldi Leikfélags Kópavogs, sem við þáðum og sýndum þar þrjú ný stuttverk.

Í tengslum við aðalfund BÍL var haldin stuttverkahátíð og sýndum við þar þrjú ný stuttverk. Fyrir utan það, þá hefur höfundasmiðjan verið eina lífsmark leikfélagsins.

Þess má þó geta að í undanfara sveitarstjórnarkosninganna ræddi leikfélagið um stöðu þess í húsnæðismálum við flesta stjórnmalaflokka sem buðu fram í Hafnarfirði. Í framhaldinu hefur Framsóknarflokkurinn fylgt þessum viðræðum eftir og von er á að úr húsnæðiseklu okkar rætist innan skamms, þó ekkert sé fast í hendi ennþá.

Næst á dagskrá leikfélagsins eru síðan sýningar á Ubba kóngi í Tékklandi, nánar tiltekið á leiklistarhátíðinni Jiráskúv Hronov sem, eins og nafnið gefur til kynna, er í Hronov. Þar sýnum við tvær sýningar þann 8. ágúst. Til að æfa upp Ubba kóng höfum við fengið aðstöðu hjá Hugleik og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir það.

Gísli Björn Heimisson, formaður

Leikfélag Hofsóss

Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun desember. Þar voru venjuleg aðalfundarstörf á dagskrá og kom fram að verkefni síðasta starfsárs, Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backmann, hafði gengið mjög vel.

Rætt var um verkefni næsta árs og ákveðið að halda fyrri stefnu að setja upp verkefni annað hvert ár þannig að ekki var um uppsetningu að ræða á síðasta leikári.

Leikfélagið tók að sér umsjón með kvöldvöku á bæjarhátíð á Hofsósi um mánaðamótin júní-júlí og átti þar atriði að vanda.

Stjórn félagsins skipa:

Fríða Eyjólfsdóttir, formaður

Helgi Thorarensen, ritari

Margrét Berglind Einarsdóttir, gjaldkeri

Eiríkur Frímánn Arnarson, meðstjórnarndi

Sigmundur Jón Jóhannesson, meðstjórnandi

Meðfylgjandi mynd er frá kvöldvökunni á Bæjarhátíðinni Hofsóss heim.



Leikfélag Hornafjarðar

Ronja Ræningjadóttir

Höfundar: Astrid Lindgren og nemendur á Lista-og menningar sviði FAS

Leikstjóri: Stefán Surla Sigurjónsson

Þátttakendur: 20

Sýningafjöldi: 7

Áhorfendur: 469

Starfsemi Leikfélags Hornafjarðar var hefðbundin leikárið 2017-2018.

Í byrjun árs 2018 hófust æfingar á leikritinu um Ronju Ræningjadóttur í samstarfi við Framhaldsskólann í Austur Skaftafellssýlu og Tónskóla Austur Skaftafellssýlu.

Nemendur í leiklistaráfanga hjá Framhaldsskólunum og leikstjórinn Stefán Surla Sigurjónsson bjuggu til nýja leikgerð á þessu sígilda leikriti Astrindar Lindgren. Nemendurnir ásamt fleirum léku svo í sýningunni, sáu um að búa til búninga og allt sem þarf að gera þegar leikrit er sett á svið. Frumsýning var 3. mars 2018. Sýnt var í Nýheimum á Hornafirði. Alls urðu 7 sýningar og komu yfir 400 áhorfendur og skemmtu allir sér konunglega.

*Fyrir hönd Leikfélags Hornafjarðar
Ingólfur Baldvinsson*

*Halti Billi*

Leikfélag Hólmanvíkur

Halti Billi

Höfundur: Martin McDonagh
 Þýðendur: Hallmar Sigurðsson og Karl Guðmundsson
 Leikstjóri: Skúli Gautason
 Þátttakendur: 23
 Sýningafjöldi: 9
 Áhorfendur: 300

Jóladagatalið

Höfundar: Félagar úr Leikfélagi Hólmanvíkur
 Leikstjóri: Ingibjörg Emilsdóttir
 Þátttakendur: 15
 Sýningafjöldi: 2
 Áhorfendur: 100

Leikfélag Húsavíkur

Sjóræningjaprinsessan

Höfundur: Ármann Guðmundsson
 Leikstjóri: María Sigurðardóttir
 Þátttakendur: 58
 Sýningafjöldi: 16
 Áhorfendur: 1244

Skýrsla stjórnar Leikfélags Húsavíkur 2017-2018: Aðalfundur Leikfélags Húsavíkur var haldinn í samkomuhúsinu 19. október 2017 með hefðbundinni dagskrá og við það tækifæri bættust 7 nýir félagar í félagið.

Að venju var samkomuhúsið nýtt til ýmissra viðburða, og m.a. heimsótti Kómedíuleikhúsið okkur í nóvember sl. og tróð upp með Gísla á Uppsölum.

Í ár langaði okkur að setja upp verk fyrir alla fjölskylduna. Okkur langaði að hafa söng og tónlist og skapa ævintýraheim og fyrir valinu varð verkið Sjóræningjaprinsessan sem hefur allt þetta til að bera. Verkið er eftir Ármann Guðmundsson sem jafnframt samdi tónlistina ásamt Guðmundi Svavarssyni en söngtexta gerðu þeir Ármann og Sævar Sigurgeirsson. María Sigurðardóttir var leikstjóri líkt og á sl. leikári og var þetta sjöunda sýningin sem María setur upp með Leikfélagi Húsavíkur.

Sjóræningjaprinsessan er nokkuð mannmargt stykki og alls stigu 29 manns á sviði í sýningunni. Sumir voru á sviði í fyrsta sinn, þar á meðal margir ungir leikarar, en jafnframt voru þar ýmsir reynsluboltar. Í heildina komu um 60 manns að



Sjóæningaprinsessan

sýningunni. Frumsýnt var 3. mars 2018, sem var 118 ára afmælisdagur Leikfélags Húsavíkur en lokasýning var 14. apríl. Leikritinu var vel tekið og alls voru gestir 1244 á 16 sýningum.

Leikfélag Húsavíkur hefur haft leikmuna- og búningaaðstöðu í húsnæði sem það á sameiginlega með Norðurþingi. Búið er að semja um sölu á því húsnæði en í stað þess mun félagið fá aðstöðu í nýju stálgrindarhúsi sem nú er risið í Suðurfjöru á Húsavík. Fyrir dyrum stendur að innrétta og standsetja nýja húsnæðið og því næst að flytja allt okkar hafurtask í nýja húsnæðið.

Stjórn Leikfélags Húsavíkur

Leikfélag Hveragerðis

Glanni Glæpur í Latabæ

Höfundur: Magnús Scheving
Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson
Þátttakendur: 19
Sýningafjöldi: 17
Áhorfendur: 1116

Starfsskýrsla Leikfélags Hveragerðis 2017-2018:

Leikritið Naktir í náttúrunni var frumsýnt 27. janúar 2017 og sýndar 22 sýningar fyrir oftast fullu húsi. Síðasta sýning var 25. mars 2017. Sýningin var síðan valin Athyglisverðasta áhuga-leiksýning ársins og var sýnd fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu 15. júní.

Leikfélagið fékk menningarverðlaun Hveragerðisbæjar 17. júní og fékk skjöld því til staðfestingar. Um vorið kom flokkur frá Daða málara og málaði salerni og forstofu, áður hafði Helgi múrari múrað í dyragat sem liggur úr forstofu og baksviðs. Stjáni gekk síðan frá hurð í gættina og hann og Halli settu síðan rennihurð fyrir málningakompu. Raftaug lagði brunavarnakerfi í húsið. Úthringibúnaður skal vera kominn á kerfið innan tveggja ára.

Sumarið 2017 fékk Leikfélagið bíóstóla endurgjaldslaust úr Austurbæjarbíó og fór hópur suður og skrúfaði stólana lausa og voru þeir fluttir austur í bíl frá Jónsa, einnig endurgjaldslaust. Menn frá Adda Ingólfs festu svo stólana í salinn og þegar til kom rukkaði hann ekki fyrir það.

Söngdagskráin „Söngur og leikur í 70 ár“ var frumsýnd 13. október þar sem flutt voru lög úr



Glanni glæpur

nokkrum leikritum sem Leikfélagið hefur sýnt í gegnum tíðina. Þriggja manna hljómsveit sem Guðmundur Eiríksson stjórnaði, lék undir. Rúnar Guðmundsson var á trommum og Árni Björnsson á bassa. Önnur sýning var svo daginn eftir en ekki reyndist unnt að hafa fleiri sýningar. Um það bil 20 söngvarar tóku þátt í þessari velheppnuðu sýningu.

Í nóvember stóð félagið fyrir ljósa og tækninámskeiði, leiðbeinandi var Benedikt Axelsson. Þátttakendur voru 3 frá Leikfélagi Hveragerðis, 3 komu frá Leikfélagi Selfoss, 3 frá Leikfélaginu Borg og 2 frá Leikfélagi Ölfuss. Námskeiðið var eina helgi og 3 vinnukvöld. Hluti af námskeiðinu var að Benni kom svo til félaganna og leiðbeindi um lýsingu á verkefnum vetrarins.

Allt var tekið út úr kompunni undir ljósabúrinu, farið yfir allt og sorterað. Ákveðið var að Benni tæki það sem ekki nýttist félaginu og reyndi að gera sér aukalega mat úr því fyrir hjálpinu. Stefnt er að því að breyta sminkherberginu í tækniherbergi og færa sminkaðstöðu í eldhúsið. Steini Hansen kom síðan seinna og tók burtu hluta af neðri skápum og settur var upp stór spegill. Eftir er að setja parket á gólfíð og skipuleggja tækniherbergið. Vilyrði er frá Steina um að leggja parketið.

Ákveðið var að kaupa góða batterísborvél frá Dewalt hjá Sindra í Reykjavík og 4 ledkastara hjá Exton í viðbót við þá tvo sem til eru.

Á haustmánuðum var gerður samningur við leikstjórnann Guðmund Lúðvík Þorvaldsson um að leikstýra leikritinu Glanni glæpur í Latabæ. Æfingar hófust svo í lok nóvember og farið í jólafrí um 20. desember til 2. janúar og frumsýnt var 20. janúar. Þegar þetta er ritað (15 feb.) eru 12 sýningar búnar. Frábær sýning með ungum og efnilegum leikurum.

Aðalfundur var haldinn 15. mars 2017 og þar var kosin ný stjórn:

Formaður: Hjörtur Már Benediktsson

Varaformaður og ritari: Jóhann Tr Sigurðsson

Gjaldkeri: Hugrún Óskarsdóttir

Meðstjórnandi: Kristín Ólafsdóttir

Meðstjórnandi: Elías Óskarsson

Varastjórn: Elín Hrönn Jónsdóttir, Hrafnhildur

Faulk og Hrefna Ósk Jónsdóttir.

Skoðunarmenn reikninga: Guðmundur Þór Guðjónsson, Steindór Gestsson og Árný Rún Helgadóttir.

Í jólamánuðinum 2017 var mikið að gera hjá jólasveinunum sem þjónusta Leikfélagið. Þeir voru viðstaddir þegar kveikt var á jólatré Hveragerðisbæjar. Undirleikari var Örlygur Atli og hljóðkerfi frá Huga Kristinssyni. Einnig báru þeir út pakka til barna í Hveragerði á aðfangadag jóla, þjónusta sem vex ár frá ári. Alls tóku 6 jólasveinar þátt í þremur bílum frá Hjálparsveitinni. Þátttaka aldrei verið eins mikil og um þessi jól. Jólasveinarnir komu fram á Jólballi Lions á Hótel Örk á annan í jolum. Einnig mættu jólasveinar á jóla-ball hjá Dvalarheimilinu Ási og hjá foreldrafélagi leikskólanna.

Nokkrir fundir voru haldnir á starfsárinu.

Stjórnin notaði tölvupóstana í samskiptum sem og lokaða Facebókarsíðu og er það afar þægilegur máti og fljótlegur.

Leikarar í sýningunum og starfsfólk í kringum þær voru einnig með lokaða síðu á Facebook og var hún mjög mikið notuð í samskiptum manna á millum. Við þetta sparaðist mikill símakostnaður og reyndist þægilegur samskiptamáti.

Hjörtur Már Benediktsson

*Sex í sveit*

Leikfélag Hörgdæla

Sex í sveit

Höfundur: Marc Camoletti
 Þýðandi: Gísli Rúnar Jónsson
 Leikstjóri: Hörður Sigurðarson
 Þátttakendur: 6
 Sýningafjöldi: 14
 Áhorfendur: 900

Skýrsla stjórnar 2017-18:

Það má segja að starfsárið 2017-18 hafi verið með eðlilegu sniði. Eftir mjög vel heppnað leikár árið á undan þar sem fyrsti vísir að unglिंगadeild leikfélagsins varð að veruleika þá var ákveðið að setja upp verk í fullri lengd.

Á haustdögum 2017 var Hörður Sigurðarson ráðinn leikstjóri og hófust miklar bollalengingar um verk sem sett skyldi upp. Á endanum var ákveðið að setja upp hinn skemmtilega og sígilda farsa Sex í sveit og hófst vinna við það í janúar-byrjun. Gekk sú vinna vel og var verkið frumsýnt

1. mars og gengu sýningar vel.

Að venju tók leikfélagið þátt í árshátíð í Hörgár-sveit sem haldin er fyrsta vetrardag.

Stjórn þetta starfsár skipuðu:

Bernharð Arnarson formaður

Stefán Jónsson varaformaður

Sara Rós Guðmundsdóttir ritari

Hannes Gunnlaugsson gjaldkeri

Sigurður Viðarsson meðstjórnandi.

Bernharð Arnarson, formaður

*Dýrin í Hálsaskógi*

Leikfélag Keflavíkur

Dýrin í Hálsaskógi

Höfundur: Thorbjorn Egner

Þýðendur: Hulda Valtýsdóttir og Kristján frá Djúpalæk

Leikstjóri: Gunnar Helgason

Þátttakendur: 24

Sýningafjöldi: 23

Áhorfendur: 2956

Mystery Boy

Höfundur: Gudmundson

Leikstjóri: Jóel Sæmundsson

Þátttakendur: 20

Sýningafjöldi: 12

Áhorfendur: 852

*Mystrey boy*

Skýrsla stjórnar Leikfélags Keflavíkur leikárið 2017-2018:

Leikárið hófst með aðalfundi þar sem stjórn komandi leikárs var skipuð. Þau verkefni sem félagið tók að sér á þessu leikári eru:
Frumleikhúsið var lánað undir Töfrasýningu í tengslum við Barnahátíð í maí.

Frumleikhúsið var lánað undir æfingar í tengslum við Hljómlist án landamæra.

Aðalfundur félagsins var haldinn 15. maí 2017.

Allsherjar tiltektardagur sem lauk með grillveislu var haldinn í byrjun júní þar sem húsið var tekið í gegn.

Barinn í anddyri Frumleikhússins fékk allsherjar yfirhalningu sem unnin var af félögum.

Leikfélag Keflavíkur sá um kvöldskemmtun í 88. Húsinu á 17.júní.

Unglingadeild félagsins hélt nokkur spunakvöld.

Listaskóli barna fékk afnot af Frumleikhúsinu í sex vikur yfir sumarið.

Félagar úr félaginu heimsóttu nokkra leikskóla í bæjarfélaginu og skemmti á sumarhátíðum þeirra.

Félagar tóku þátt í hinum ýmsu þáttum, auglýsingum og fleiru en félagið er með sérhóp á facebook fyrir þá sem hafa áhuga á því að taka þátt í slíkum verkefnum fyrir hönd félagsins.

Félagið sá um kynningu og var með atriði á 17. júní hátíðarhöldunum ásamt því að vera með trúða og aðrar fígúrir á gangi um skruðgarðinn.

Félagið var með götuleikhús á Ljósanótt, þátttakendur hefðu mátt vera fleiri.

Félagið fjárfesti í nýjum hljóðbúnaði, míkrofónum og mixer.

Leikfélagið setti upp Dýrin í Hálsaskógi í nóvember og sá Gunnar Helgason um leikstjórn. Sýningar eru enn í gangi og hefur verið uppselt á hverja einustu sýningu. Sýningin hefur slegið bæði sýningafjöldamet og áhorfendamet félagsins.

Leikfélag Keflavíkur tók að sér verkefni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar rétt fyrir jólin sem sló í gegn.

Mikill fjöldi þátttakenda var á þrettándagleði Reykjanesbæjar en álfar, risatröll og aðrar kynja-verur ásamt Fjólu tröllastelpu vöktu mikla lukku. Gryla kynnir og jólasveinn komu einnig úr röðum félagsins.

Leikfélagið tók þátt í 100 ára fullveldishátíð, sem haldin var í Duus Safnhúsum. Þar sýndi félagið gjörning sem fór fram í sýningarsalnum Gryfjunni. Gjörningurinn var 13 mín. að lengd og sýndi félagið gjörningin þrisvar sinnum yfir daginn. Einnig var hann sýndur stuttu seinna á menningarkvöldi tengdu fullveldishátíðinni.

Leikfélag Keflavíkur í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar var með lestur á Dýrunum í Hálsaskógi þar sem Halla Karen las ásamt Lilla klifurmús.

Leiklistarnámskeiðið Leiktu með fékk afnot af húsinu undir leiklistarnámskeið.

Söngleikurinn MysteryBoy var settur upp en Jóel Sæmundsson var ráðinn leikstjóri verksins. Frumsýnt var föstudaginn 13. apríl og var þetta frumflutningur á þessu verki eftir Smára Guðmundsson.

Leikfélag Keflavíkur vann samkeppnina um Athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins 2017-2018 fyrir sýninguna Mystery Boy, verkið var sýnt í Þjóðleikhúsinu þann 24. maí.

Leikfélagið hefur farið á hina ýmsu viðburði frá áramótum bæði með Dýrin í Hálsaskógi og einnig Mystery Boy.

Hús félagsins er mjög vel nýtt og hefur það verið lánað fyrir hina ýmsu viðburði. Óopinbert samstarf félagsins við leikskóla bæjarins hefur verið einstaklega gjöfult og teljum við að þær heim-sóknir sem félagið hefur fengið frá leikskólum bæjarins styrki menningarvitund barnanna og skapi jákvætt viðhorf gagnvart því starfi sem félagið innir af hendi.

Sé litið til umfangs og fjölda þeirra verkefna sem félagið sinnir má glögglega sjá að starf félagsins er einn af hornsteinum menningarlífs Reykjanesbæjar. Reynt er eftir fremsta megni að höfða til

sem flestra þegar kemur að verkefnavali og útfærslu verkefna. Félagið er vel í stakk búið að takast á við fleiri krefjandi verkefni, sinna þeim verkefnum sem nú eru í pípunum af kostgæfni og halda áfram að sinna unga fólkinu okkar. Forvarnargildi þess að sinna skipulögðu félagsstarfi er óumdeilt og er félagið og þeir sem þar stjórna mjög meðvitaðir um hlutverk sitt í þágu þeirra félaga okkar sem ef til vill finna sig utanveltu í öðrum íþróttum og tómstundum sem þeim standa til boða.

Leikfélag Kópavogs

Snertu mig ekki! – snertu mig

Höfundur: Örn Alexandersson
Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir
Þátttakendur: 3
Sýningafjöldi: 7
Áhorfendur: 268

Draumaliðið

Höfundar: Hópurinn
Leikstjórar: Gríma Kristjánsdóttir og Guðmundur L. Þorvaldsson.
Þátttakendur: 8
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 60

Fróði og allir hinir grislingarnir

Höfundur: Ole Lund Kirkegaard
Þýðandi: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson
Leikstjóri: Örn Alexandersson
Þátttakendur: 12
Sýningafjöldi: 17
Áhorfendur: 1057

Skýrsla stjórnar leikárið 2017- 2018:

Enn einu viðburðarríku leikári hjá Leikfélaginu er lokið. Sem fyrr var starfsemin fjölbreytt og skemmtileg.

Leiklistarskóli Bandalagsins:

Að þessu sinni fóru fimm einstaklingar frá Leikfélagi Kópavogs í Leiklistarskóla BÍL í júní 2017. Tveir fóru til að nema leiklist og leikstjórn. Þrír voru „höfundar í heimsókn” og nýttu tímann, aðstöðuna og leiklistarandann á staðnum til að skrifa og semja ný leikverk. Að venju styrkti leikfélagið félagsmenn að hluta, til að bæta menntun



Snertu mig ekki - snertu mig

sína á sviði leiklistar og mun svo verða áfram. Stjórn telur það afar mikilvægt að styrkja virka félagsmenn með þessu móti og efla þannig innra starf leikfélagsins

Götuleikhúsið:

Götuleikhúsið kom inn að venju í byrjun júní. Sem fyrr var umgengni til fyrirmyndar og engin vandamál komu upp.

Óperudagar:

Í júní voru einnig óperudagar haldnir í Kópavogi og leigði leikfélagið út húsið til afnota af því tilefni.

Snertu mig ekki! – snertu mig:

Snertu mig ekki! - snertu mig er framhald af sýningunni Snertu mig! sem var sýnd á síðasta leikári. Vegna fjölda áskorana frá áhorfendum sem vildu vita meira um afdrif persónanna settist höfundur niður og skrifaði framhald. Sýningunni var vel tekið og fékk mjög góða dóma. Höfundur er Örn Alexandersson og leikstjóri var Sigrún Tryggvadóttir. Frumsýnt var í september. Alls var sýnt sjö sinnum og aðsókn var góð.

Leiklistarnámskeið fyrir börn og unglinga:

Eins og áður bauð félagið upp á sín árlegu námskeið fyrir krakka undir styrkri leiðsögn

Guðmundar L. Þorvaldssonar og Grímu Kristjánsdóttur, en þau hafa séð um námskeiðin undanfarin ár. Þátttaka var dræm og þurfti því að sameina yngri og eldri hóp í einn. Það er spurning hvað veldur. Nú í vetur sem leið var til dæmis boðið upp á leiklistarnámskeið í flestum ef ekki öllum grunnskólum bæjarins. Það má leiða að því líkum að það sé ein af hugsanlegum ástæðum þess að þátttakan var með minna móti. Alls tóku 7 krakkar þátt í námskeiðinu sem spannaði 10 vikur að vanda og endaði með sýningunni Draumaliðið sem var sýnd einu sinni fyrir fullu húsi í lok nóvember. Almenn ánægja var með námskeiðið og má geta þess að 3 ungmenni sem tóku þátt í unglingastarfinu tóku einnig þátt í uppfærslu leikfélagsins á Fróða og öllum hinum grislingunum sem frumsýnt var í mars. Einn af þeim krökkum fer út til Frakklands á leiklistarmót ungmenna 13-15 ára í Toulouse í sumar. Markmiðið er að stunda leiklist og kynnast hópi barna hvaðanæva að úr heiminum með sama áhugamál. Mótið er styrkt meðal annars af Evrópusambandinu.

Leiklistarnámskeið fyrir byrjendur:

Í október bauð félagið upp á byrjendanámskeið í leiklist fyrir fullorðna. Kennari var Hörður Sigurðarson. Átta manns skráðu sig til leiks. Námskeiðið var alls 18 klst. Félagið hefur boðið upp á sambærileg námskeið ár hvert. Almenn

ánægja var með námskeiðið eins og endranær.

Lista – og menningarráð:

Þann 31. október var skrifað undir nýjan samning við Lista- og menningarráð sem gildir til 1. nóvember 2020. Áhersla var lögð á að auka samstarf leikfélagsins við ráðið og einnig að efla samstarfið við aðrar menningarstofnanir í Kópavogi og gera leikfélagið meira sýnilegt. Nú þegar er aukið samstarf við ráðið, t.d. buðu leikfélagið og Kópavogsbær fjölskyldum á tvær sýningar af Fróða og alla hina grislingana í tilefni Barnamenningarhátíðar, kynning var á Fróða á Bókasafni Kópavogs sem er eitt af menningarhúsum og fyrirhugað er að leikfélagið taki þátt í fjölskyldudegi í Salnum í haust. Við erum spennt fyrir frekara samstarfi á komandi leikári.

Framkvæmdastjóri:

Stjórn ákvað að framlengja samning við framkvæmdastjóra hússins, en Hörður Sigurðarson var ráðin í það starf á síðasta leikári í fyrsta sinn. Hann sér um það sem viðkemur húsinu sjálfu og samskipti við þá aðila og hópa sem fá inni í leikhúsinu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist einkar vel og minnkar álag á stjórn félagsins.

Framkvæmdir innanhúss:

Upplyfting anddyris var gott sem kláruð. Einnig voru framkvæmdir inn í sal þar sem áhorfendasmæðið var tekið í gegn. Stæði hækkuð, tröppur lagaðar og bætt við 12 sætum í sal. Nú er pláss fyrir 72 áhorfendur. Í febrúar tók stjórn sig til og lagaði aðstöðu leikara baksviðs og fyrirhugað er að gera breytingar á sameiginlegu rými sem er á annarri hæð hússins.

Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi:

Forsvarsmenn Leikfélags Menntaskólans í Kópavogi létu vita snemma á leikárinu að félagið hugðist ekki nýta sér aðstöðu LK að þessu sinni eins og undanfarin ár. Það verður að segjast eins og er að það kom félaginu einkar vel að slíta ekki í sundur sýningartímann í þær 3 vikur sem MK hefði annars komið inn í húsið. Það hefur án efa átt nokkuð stóran þátt í því að sýningar á Fróða og öllum hinum grislingunum gengu eins vel og raun ber vitni.

Kvikmyndaskólinn:

Kvikmyndaskólinn leigði leikhúsið til afnota í desember eins og fyrri ár, engin breyting þar á.



Fróði og allir hinir grislingarnir

Stjörnuljósakvöld:

Hið árlega Stjörnuljósakvöld í tilefni afmælis leikfélagsins var á sínum stað í upphafi ársins. Stjórn leikfélagsins ákvað að þessu sinni að bjóða vinum okkar úr Leikfélagi Hafnarfjarðar að taka þátt í dagskránni með okkur. Eins og flestum er ljóst eru vinir okkar húsnæðislausir og hafa því ekki aðstöðu til æfinga hvað þá sýninga. Sýndir voru þrír leikþættir, allir í höndum LH, farið var með gamanmál og Leikhúsbandið steig á stökk að venju. Kvöldið heppnaðist með endemum vel, en óneitanlega skyggði sviplegt fráfall Sigurveigar Mjallar á gleðina, en hún var virk í leiklistarstarfi LH og hafði einnig leikið mikið með LK. Blessuð sé minning hennar.

Fróði og allir hinir grislingarnir:

Samlestur á Fróða og öllum hinum grislingunum hófst í desember og æfingar hófust strax eftir áramótin. Þrjátíu ár eru síðan leikfélagið setti upp þetta frábæra barnaleikrit eftir Ole Lund Kirkegaard og ákvað stjórn að dusta rykið af handritinu og endurtaka leikinn. Tólf leikarar tóku þátt í sýningunni, þar af eins og áður segir, þrír krakkar úr unglingsdeild félagsins. Leikstjóri var Örn Alexandersson. Frumsýnt var 3. mars. Sýningin naut gífurlegra vinsælda fyrir 30 árum og er hægt að segja með sannri trú að hún hafi einnig slegið í gegn nú. Leikritið um Fróða fékk mjög góða dóma. Uppselt var á nær allar 16 sýningarnar, þar af voru 3 einkasýningar fyrir grunnskóla í Kópavogi og 2 sýningar í tilefni af Barnamenningarhátíðinni. Áhorfendur voru himinlifandi og tóku sýningunni opnum örmum, bæði ungir sem eldri (sem höfðu jafnvel séð sýninguna á sínum tíma). Alls sáu yfir þúsund manns sýninguna.

Erfitt var að segja skilið við Fróða og alla hina grislingana í ljósi frábærrar aðsóknar og sárt að hætta fyrir fullu húsi. En önnur verkefni bíða og ekki hægt að ætlast til þess að svo stór leikarahlópur geti haldið sýningum áfram í haust. Það kom einnig á daginn. Því var leikmynd Fróða tekin niður og sýningin kvödd með dassi af trega.

Svarti kassinn:

Leikfélagið sótti um að fara fyrir hönd Íslands á leiklistarhátíð NEATA 2018 í Litháen með sýninguna Svarta kassann. Hátíðin verður haldin um mánaðarmót júlí /ágúst. Skemmst er frá því að segja að sýningin var valin og standa nú yfir

æfingar og skipulagning ferðar hópsins út á erlenda grund. Sýningin fékk á sínum tíma frábæra dóma, en hún er samsköpunarverk handritshöfundar, leikstjóra og leikhópsins. Höfundur er Hrefna Friðriksdóttir, leikstjóri er Ágústa Skúladóttir og leikhópin skipa 10 manns. Stjórn er ekki í nokkrum vafa um að Svarti kassinn verði verðugur fulltrúi Leikfélags Kópavogs og Íslands í Litháen seinna á árinu.

Hugsanlegt samstarf Leikfélags Kópavogs við Grunnskóla Kópavogs:

Á vordögum byrjuðu viðræður við skólustjórnendur tveggja grunnskóla Kópavogs og deildarstjóra grunnskóla á sviði menntamála hjá Kópavogsbæ. Hugsanlegt samstarf er í farvatninu, að bjóða leiklistarnámskeið sem val í unglingsdeildum grunnskóla Kópavogs í samstarfi við leikfélagið. Við hlökkum til að sjá hvert það leiðir okkur og finnst spennandi að auka ennfrekar á samstarf félagsins við Kópavogsbæ.

*Fyrir hönd Leikfélags Kópavogs
Anna Margrét Pálsdóttir, formaður*

Leikfélag Mosfellssveitar**Besta sýning ársins**

Höfundar: Elísabet Skagfjörð og leikhópurinn
Leikstjóri: Elísabet Skagfjörð
Þátttakendur: 14
Sýningaföldi: 5
Áhorfendur: 280

Allt önnur Ella

Höfundar: Ingrid Jónsdóttir og hópurinn
Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir
Þátttakendur: 39
Sýningaföldi: 9
Áhorfendur: 655

Jólin hér og þar

Höfundar: Bergdís Júlía Jóhannsdóttir og leikhópurinn
Leikstjóri: Bergdís Júlía Jóhannsdóttir
Þátttakendur: 14
Sýningaföldi: 3
Áhorfendur: 217
Skýrsla frá Leikfélagi Mosfellssveitar:



Allt önnur Ella

Að venju var árið fjölbreytt og skemmtilegt hjá LM. Það má eiginlega segja að þetta árið hafi verið einblínt á börnin og voru sýndar tvær barna-sýningar þetta leikár.

En árið byrjaði að venju með reglubundnum hætti með öflugu sumarstarfi og voru haldin fjöldi námskeiða fyrir börn og unglunga. Námskeiðin enduðu öll með misstórum sýningum. Leikgleðinámskeiðin eru orðin allt árið um kring í samstarfi við Miðnætti þríeykið og eru börn og unglingar í Mosfellsbæ dugleg að sækja þau.

Haustið byrjaði á því að sett var upp dagskrá með Listaskóla Mosfellsbæjar og var það sýningin Allt önnur Ella sem gerðist á reykmettuðum bar þar sem þjónustustúlkur þjónuðu til borðs og sungin voru lög sem Ella Fitzgerald hefur gert ódauðleg. Leikstjóri þessarar sýningar var Ingrid Jónsdóttir og tónlistarstjórar voru þau Sigurjón Alexander og Heiða Árnadóttir. Því miður komust færri að á þessa sýningu en vildu en aðeins um 70 manns komst fyrir þar sem uppsetning var á annan hátt en í sætaröðunum.

Undanfarin ár höfum við sett upp jólasýningar fyrir börnin sem hafa verið mjög vinsælar og þetta árið var það unglingadeildin okkar frá

Leikgleðinámskeiði sem að setti upp frumsömdu sýninguna Jólin hér og þar, sýnt var í nóvember og desember.

Eftir áramót bauð félagið upp á námskeið í sketsa-skrifum til félagsmanna sinna og annara félaga að kostnaðarlausu. Leiðbeinandi var Elísabet Brekk-an og var um að ræða fimm skipti. Alls sóttu sex þetta námskeið og skrifuðu mismunandi marga sketsa um hin ýmsu málefni sem einhvern daginn verður unnið meira með hjá félaginu.

Unglingarnir okkar sýndu Litlu hryllingsbúðina í apríl eftir mjög vel heppnað námskeið sem var haldið strax eftir áramót. Þau sáu um alla þætti sýningarinnar ásamt leiðbeinendum sínum – bún-ingar, leikmynd, þrif og allt annað sem kemur að sýningu – flottur hópur þarna á ferð.

Árlegir viðburðir og annað:
Leikurum úr Skilaboðaskjódinni, sem var verk frá fyrra leikári, var boðið að halda stofutónleika á Gljúfrasteini. Það var gert þann 11. júní 2017 og tókust þeir mjög vel.

17. júní:

Að venju tókum við þátt í viðburði bæjarfélagsins á 17. júní og voru leikarar úr Skilaboðaskjóðinni

með leikatriði og söng. Einnig kom Fjallkonan að venju úr röðum félagsins og þetta árið var það Nanna Vilhelmsdóttir.

Í túninu heima:

Bæjarhátíðin Í túninu heima er haldin í lok ágúst ár hvert og tekur leikfélagið ávallt þátt í því á einhvern hátt. Við sjáum um göngustjóra fyrir hverfin ásamt því að vera með uppákomur á sviði í Álafoskvosinni. Oftar en ekki notum við þar tækifærið til að kynna sýninguna sem er að fara í gang eða er í gangi með unglingunum okkar.

Kveikt á jólatrénu:

Fjöldi Jólasveina og hyski á þeirra vegum sáu um að skemmta börnun og fullorðnum við þennan viðburð og dansa í kringum jólatréð á torginu. Að venju mælist þessi viðburður vel fyrir bæði hjá ungviðinu og ekki síður hjá jólasveinum og þeirra hyski sem koma árlega og vinna fyrir okkur – þetta árið vorum við heppin með veður sem að er ekki hægt að segja að sé alltaf.

Þrettándinn:

Fjölmenasta verkefni okkar árlega og alltaf fjölgar í leikhópnum sem tekur þátt í þessu. Tröllabörn, álfar, jólasveinar, Grýla og Leppalúði létu sig

ekki vanta þetta árið. Álfadrottningin var Nanna Vilhelmsdóttir og álfakonungurinn var Jón Geir Jóhannsson og var þetta þriðja ár Nönnu en Jón Geir gerði þetta í fyrsta sinn.

Húsnæðismál:

Félagið stendur frammi fyrir því að það líður að því að missa það húsnæði sem að við erum í, það er farið að þrengja ansi mikið að okkur með smíðum á blokk fyrir framan leikhúsið en við kvörtum ekki og þykir ekkert mál að vera þarna en .. allir vilja félaginu vel og höfum við loforð fyrir því að leikhúsið sé ekki að fara fyrr en önnur lausn er fundinn – þannig að við erum að leita því óvissan er ekki góð og best að finna lausn hið fyrsta.

Leikfélag Mosfellssveitar leggur ríka áherslu á að vinna verkefni sem henta öllum og að allir geti fengið tækifæri til að vera með, þótt að það séu ekki allir að leika á sviði enda er af nógu að taka. Við viljum vináttu, jákvæðni og leikgleði, alltaf. Við í LM hlökkum til næsta leikárs þar sem fyrir áramót verður barna- og fjölskyldusýning og eftir áramót farsí.

Ólöf Þórðardóttir formaður



Jólin hér og þar

*Litla hafmeyjan***Leikfélag Norðfjarðar****Jólasveinar eru líka kynverur**

Höfundur: Nína Björk Jónsdóttir
 Leikstjóri: Ádsdís Helga Jóhannsdóttir Bremlund
 Þátttakendur: 4
 Sýningafjöldi: 1
 Áhorfendur: 50

Jól í fæðingu

Höfundur: Árni Friðrikson
 Leikstjóri: Brynjar Örn Rúnarsson
 Þátttakendur: 3
 Sýningafjöldi: 1
 Áhorfendur: 50

Skápurinn

Höfundur: Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir
 Weldingh
 Leikstjóri: Jóhanna Fanney Hjálmarsdóttir
 Weldingh
 Þátttakendur: 1
 Sýningafjöldi: 1
 Áhorfendur: 50

Mamma

Höfundur: Árni Friðriksson
 Leikstjóri: Tristan Theodórsson
 Þátttakendur: 3
 Sýningafjöldi: 1
 Áhorfendur: 50

Litla Hafmeyjan

Höfundar: H.C. Andersen / Walt Disney
 Þýðandi: Bjarney Lúðvíksdóttir
 Leikstjórar: Helga Ósk Þórormsdóttir Snædal og
 Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir
 Þátttakendur: 30
 Sýningafjöldi: 6
 Áhorfendur: 610

Leikfélag Norðfjarðar hefur verið frekar rólegt þennan veturinn miðað við önnur ár. Við byrjuðum á aðalfundi í september þar sem nýjir meðlimir í félagið og stjórn voru teknir inn við mikinn fögnuð. Eftir fund voru haldnir nokkrir hittingar annan hvern þriðjudag þar sem við sprelluðum eða spjolluðum.

Þann 13. desember héldum við stuttverkasýninguna Gleyf mér ei. Þar voru sýnd 4 stuttverk og svo eru spunaleikir inn á milli. Hefur þessi sýning

hjálpað okkur að fá inn nýja félag og þetta er auk þess góð skemmtun í miðri viku til að kíkja út. Eftir stuttverkasýningu var allverulega búið að bætast í hópinn sem flestir vildu halda áfram starfi með okkur. Réðumst við í það verkefni að sýna Litlu hafmeyjuna. Því leikriti stýrðu tveir leikstjórar sem voru nýttir innan leikfélagsins okkar en það voru Helga Ósk Snædal og Þórfriður Soffía. Leikrit eins og Litla hafmeyjan kallar á mikinn mannskap og mikla samvinnu, sem okkur tókst. Tókst leikritið mjög vel, gestir voru himinlifandi og börn alveg niður í 2 ára gátu setið sem fastast og horft á leikritið, en þau eru að sjálfsögðu okkar mælikvarði á það hversu vel til tókst. Aðalfundur verður aftur haldin að hausti en það hefur reynst okkur betur en að vori. Leikfélag Norðfjarðar þakkar fyrir árið og kemur sterkt inn í næsta leikár.

Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir, formaður

Leikfélag Sauðárkróks

Hrói Höttur

Höfundur: Guðjón Sigvaldason
Leikstjóri: Bryndís Ósk Þ Ingvarsdóttir
Þátttakendur: 34
Sýningafjöldi: 10
Áhorfendur: 537

Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan

Höfundur: Marc Comoletti
Þýðandi: Sigurður Atlason
Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir
Þátttakendur: 35
Sýningafjöldi: 13
Áhorfendur: 1063

Ársskýrsla LS leikárið 2017-2018:

Miðvikudagskvöldið 7. júní 2017 var aðalfundur Leikfélags Sauðárkróks haldinn í Bifröst. Ný stjórn fyrir leikárið 2017-2018 var kosin: Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir situr áfram seinna árið sem formaður. Saga Sjöfn Ragnarsdóttir og Páll Friðriksson sitja áfram seinna árið sitt í stjórn. Kosnar inn til tveggja ára Jóhanna Sigurlaug Eiríksdóttir og Inga Dóra Ingimarsdóttir. Ný varastjórn var kosin: Guðbrandur J. Guðbrandsson, Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir.

Haustverkefnið var leikritið Hrói Höttur eftir Guðjón Sigvaldason með tónlist eftir Jóhann Morávek. Leikstjóri var Bryndís Ósk Þ Ingvarsdóttir. Fyrsti fundur var haldinn 4. september og fyrsti samlestur var 5. september. Nokkra daga tók að koma öllu af stað og manna í öll hlutverk. Æfingatímabilið gekk vel og var frumsýnt 20. október. Alls voru 10 sýningar og áhorfendur voru



Hrói höttur

í heildina 537. Leikarar voru 14 en í heild komu 34 að sýningunni. Sýningar gengu vel og fékk sýningin mjög gott umtal og góða gagnrýni.

10. nóvember bauð LS leikhópnum í leikhúsfærð á Ólafsfjörð á sýninguna Sólarfærð. Færðin var vel heppnuð.

Fundur fyrir sæluvikuverkefni var haldin 22. febrúar 2018. Búið var að ráða Ingrid Jónsdóttir sem leikstjóra. Leikritið sem varð fyrir valinu að þessu sinni var Einn koss enn og ég segi ekki orð við Jónatan eftir Marc Camoletti í þýðingu Sigurðar Atlasonar. Smá breyting var gerð á æfingartímabili þar sem að hópurinn hitti leikstjóra á samlestri 4. mars 2018 og þá var lesið og valið í hlutverk. Ingrid mætti svo aftur föstudaginn 23. mars og þá byrjuðu æfingar, leikhópurinn hittist reyndar nokkum sinnum á tímabilinu 4.-23. mars og las saman en þetta nýja æfingafærlið virkaði vel. Æfingartímabilið gekk vel og var frumsýnt 29. apríl 2017. Alls voru 13 sýningar og áhorfendur voru í heildina 1016. Leikarar í sýningunni voru 7 en alls voru um 30 manns að sýningunni. Sýningartímabilið gekk vel og fékk sýningin mjög gott umtal og góða gagnrýni.

Í lok júní er stefnan tekin á flutninga í nýtt húsnæði en Sveitarfélagið Skagafjörður er að aðstoða leikfélagið við kaup á húsnæði sem er verið að leggja lokahönd á. Húsnæðið er svokallað bil í nýrri byggingu sem er að Borgarflöt 15-17. Það verður gríðarlega mikill munur fyrir okkur að komast þangað inn með dótið okkar og fá einnig æfinga og fundaraðstöðu. Við eigum eftir að kalla eftir aðstoð við flutninginn en einnig liggur fyrir að við þurfum að tæma gömlu Leikborg.

Komandi leikár er svo fullt af skemmtilegum verkefnum og vonum við í stjórn LS að þátttaka fólks verði góð því án ykkar er þetta ekki hægt.

Búið er að leggja drög að haustverkefninu og kemur Ingrid Jónsdóttir til okkar aftur, hauststarfið mun hefjast í lok ágúst.

Að lokum viljum við þakka leikstjórum og leikhópnum fyrir gott og skemmtilegt samstarf

sem og öllum sem hafa starfað með okkur, styrktaraðilum og áhorfendum fyrir stuðninginn.

*Takk fyrir, fyrir hönd stjórnar LS
Sigurlaug Dóra formaður*



Vertu svona kona

Leikfélag Selfoss

Vertu svona kona

Höfundar: Margaret Atwood, Guðfinna Gunnarsdóttir og leikhópurinn
Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir
Þátttakendur: 12
Sýningafjöldi: 7
Áhorfendur: 401

Glæpir og góðverk

Höfundur: Anton Delmar
Þýðandi: Sigrún Valbergsdóttir
Leikstjóri: Sigrún Valbergsdóttir
Þátttakendur: 12
Sýningafjöldi: 14
Áhorfendur: 626

Skýrsla stjórnar Leikfélags Selfoss 2017-2018: Stjórn skipti með sér verkum á sínum öðrum fundi þar sem ekki náðist að fullmanna fyrsta fund. Stjórnin skipti verkum þannig: Sigrún Sighvatsdóttir formaður, Guðný Lára Gunnars-



Vertu svona kona

dóttir varaformaður, Svanhildur Karlsdóttir gjaldkeri, Jónheiður Ísleifsdóttir ritari og Viktor Ingi Jónsson meðstjórnandi. Í varastjórn sátu F. Elli Hafliðason, Gústav Þór Stolzenwald og Sigríður Hafsteinsdóttir. Haldnir voru 28 fundir á leikárinu enda nóg um að vera á 60 ára afmælisári leikfélagsins.

Stjórnin byrjaði á því að fara yfir lög og skipurit félagsins og fengið var fólk í önnur almenn störf. Haldin voru þrjú leikhúsnámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára sumarið 2017. Umsjón með þeim höfðu Sigríður Hafsteinsdóttir, Guðný Lára Gunnarsdóttir, Viktor Ingi Jónsson og Davíð Alexander Österby Christiansen. Eru þessi námskeið fastur liður í starfi leikfélagsins og er ávallt góð aðsókn að þeim.

Hafþór Agnar Unnarsson leiklistarnemi í leiklistarskóla í London fékk afnot af húsinu einn laugardag í júlí þar sem hann var með fría leiksmiðju. Var leiksmiðjan partur af verkefni sem Hafþór var að vinna í námi sínu og tókst leiksmiðjan vel.

Mikil ánægja er með leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Níu félagar sóttu námskeið í

leiklist og leikstjórn í skólanum í júní.

Síðastliðið sumar hófst vinna við endurbætur á gluggum á leikhúsinu á vegum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sér um viðhald utan húss, skipt var um rúður í hluta hússins. Við sátum um að pússa og mála gluggana að innan og settum upp nýjar gardínur í salnum. Byrjað var á austurhliðinni og vesturhliðinni en verkinu er ekki lokið og þar á meðal er eftir að skipta um opnanleg fög.

Haustfundur var haldinn 12. september þar sem farið var yfir dagskrá vetrarins. Var góð mæting og tókst fundurinn vel. Mikið af nýju fólki mætti sem skilaði sér inn í næsta verkefni.

Haustverkefni félagsins var leikverkið Vertu svona kona í leikstjórn Guðfinnu Gunnarsdóttur. Byrjað var á leiksmiðju þrjá daga í september og var góð mæting. Þema verksins var konan í sögunni og sagan í konunni og var verkið sameiginleg sköpun leikstjórans, leikhópsins og hins skapandi teymis með fléttuðum textum eftir Margaret Atwood. Frumsýnt var fyrir fullum sal 3. nóvember við mikinn fögnuð áhorfenda. Sýningar gengu vel, við fengum góða umfjöllun um verkið og kom 401 áhorfandi á sjö sýningar.



Glæpir og góðverk

19. október var fluttur þáttur úr Vertu svona kona á málþingi Bókabæjanna Austanfjalls. Yfirskrift málþingsins var „Kerlingabækur“ þar sem fjallað var um bókmenntir kvenna í breiðu samhengi. Farið var með Litlu gulu hænuna og átti það vel við.

Emblur komu í heimsókn í október, skoðuðu húsið og fengu að sjá æfingu á atriði úr Vertu svona kona.

Ljósanámskeið með Benedikt Axelssyni var haldið hjá Leikfélagi Hveragerðis. Tveir fulltrúar frá okkur voru skráðir á námskeiðið sem fór fram í nóvember.

Við höfum verið í góðu samstarfi við Brunavarnir Árnassýslu og snýr það aðallega að því að þeir fái afnot að leikhúsinu og aðstoði á mótum við öryggismál okkar. Námskeið var haldið frá Brunavörnum Árnassýslu í brunavörnum þar sem farið var yfir meðferð slökkvitækja og rýmingaráætlun. Tókst námskeiðið vel og var almenn ánægja með það. Einnig fóru átta félagar á skyndihjálparkynningu á vegum BÁ sem tókst mjög vel. Mikilvægt er að huga vel að öryggismálum hússins. Keypt voru

viðbótar slökkvitæki og farið var yfir annan öryggisbúnað.

Jóla kvöld var haldið í desember með skemmtilegum hefðbundnum uppákomum.

Við sömduð við Sigrúnu Valbergsdóttur um leikstjórn á verkinu Glæpir og góðverk. Frumsýnt var 16. febrúar fyrir fullu húsi. Góð mæting var á samlestur en sá fyrsti var 15. nóvember þegar enn var verið að sýna Vertu svona kona. Sýndar voru 14 sýningar og komu 626 áhorfendur. Ein af sýningunum var tileinkuð Veigu, félagi okkar sem féll skyndilega frá.

Opið hús var á sumardaginn fyrsta, 19. apríl, en þá var „Vor í Árborg“. Boðið var upp á vöflur, kaffi, myndasýningu og andlitsmálningu. Það voru 128 gestir sem skrifuðu í gestabókina en það komu örugglega fleiri. Stöðugt renneri var allan tímann, þrír voru í senn í andlitsmálningu og ekki veitti af. Tókst opna húsið afar vel.

Það var skipuð afmælisnefnd sem hafði það hlutverk að undirbúa og skipuleggja afmælisárið okkar. Í nefndinni voru Guðfinna Gunnarsdóttir,

Esther H. Halldórsdóttir, Eyjólfur Pálmasson og Hlynur Þór Róbertsson. Við vorum með afmælislaugardagskaffi hér í leikhúsinu 13. janúar og tókst það mjög vel. Hengdar voru upp myndir í salnum og fram í anddyri og ný tímalína var sett upp. Boðið var upp á vöfflur og afmælistöku. Við höfðum myndasýningu í kjallaranum og haldnar voru ræður. Gaman var að sjá þá sem mættu. Afmælishátíð var haldin í Tryggvaskála föstudaginn 11. maí. Það var góð mæting, boðið var upp á léttar veitingar og flutt var skemmtidagskrá „Á tali með Leikfélagi Selfoss“ við góðar undirtektir. Þrjú félagar voru gerðir að heiðursfélögum, Eygló Lilja Gränz, Ólafur Th. Ólafsson og Kristín Steinþórsdóttir.

Það var margt sem okkur langaði að gera í tilefni af afmæli félagsins. Sérstaklega að vinna að varðveislu sögu félagsins. Ekki hafðist tími í að framkvæma allt en vinna má að þessum verkefnum áfram þótt afmælisárið sé búið.

Það hefur lengi verið draumur hjá okkur sem störfum í leikfélaginu að bæta aðgengið að leikhúsinu. Stjórn Leikfélags Selfoss gerði tillögu að breytingum á anddyri hússins svo bæta megi hjólastólaaðgengi í húsinu. Stjórnarmeðlimir fylgdu tillögunni eftir á fundi með fulltrúum frá sveitarfélaginu. Tekið var vel í tillöguna og áttum við góðan fund. Er þetta enn í skoðun hjá sveitarfélaginu.

Samningur Leikfélags Selfoss við Sveitarfélagið Árborg var yfirfarinn og endurbættur. Skrifað var undir samninginn á afmælishátíðinni í maí. Bætt var við möguleika á að fá styrk fyrir vetrarnámskeið fyrir börn og styrk fyrir aðstoð leikfélagsins að götuleikhúsi vinnuskólans.

Við fáum ávallt óskir um lán á húsinu. Við lánuðum Þjóðleikhúsinu leikhúsið í apríl þar sem það var með sýningu fyrir grunnskólabörn á Suðurlandi. Einnig var húsið lánað fyrir uppstand Elfu Daggar Gunnarsdóttur undir forystu Viktors Inga og Artemis dansskóli fékk húsið fyrir nemendasýningar 12.-13. maí.

BÍL-þing var haldið fyrstu helgina í maí, sjö félagar fóru og var mikil ánægja með þingið. Við sendum Litlu gulu hænuna á stuttverkahátíð sem haldin var í tengslum við það.

Leikfélagið fékk fyrirspurn frá áhugaleikfélagi á Írlandi, Sploder theater company í Glen center, um sameiginlegt festival sumarið 2018. Mikill áhugi var að fara í slíkt samstarf en fyrirhugað er að hefja undirbúning sem fyrst og stefna að slíku festivali sumarið 2019.

Stefnt er að sex leikhúsnámskeiðum fyrir börn í sumar. Guðný Lára, Sigga, Viktor, Íris Árný og Rakel Ýr ætla að halda námskeiðin frá júní fram í ágúst. Námskeiðin eru auglýst í sumarblaði Árborgar.

Stjórnin þakkar öllum fyrir samstarfið á leikárinu sem hefur verið afar viðburðarríkt á afmælisárinu.

Stjórn Leikfélags Selfoss



Úlfar ævintýranna

Leikfélag Sólheima

Úlfar ævintýranna

Höfundur: Guðmundir Lúðvík Þorvaldsson

Leikstjóri: Guðmundir Lúðvík Þorvaldsson

Þátttakendur: 41

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 450



Klaufar og kóngsdætur

Leikfélag Vestmannaeyja

Klaufar og kóngsdætur

Höfundar: Ármann Guðmundsson, Sævar Sigur-
geirsson, Þorgeir Tryggvason og H.C. Andersen
Leikstjóri: Árni Grétar Jóhannsson
Þátttakendur: 35
Sýningafjöldi: 9
Áhorfendur: 687

Skýrsla stjórnar 2017-2018:

Aðalfundur var haldinn 27. september. Eftir fyrsta fund var stjórn skipt í eftirfarandi stöður:
Unnur Guðgeirsdóttir, formaður
Elvar Þór Eðvaldsson, varaformaður
Viktor Rittmüller, gjaldkeri
Alexander Páll Salberg, meðstjórnandi og Thelma
Lind Þórarinsdóttir, meðstjórnandi.

Haustverkið hjá okkur var að þessu sinni barnaleikritið „Klaufar og kóngsdætur“ sem eru ævintýri eftir H.C. Andersen. Árni Grétar Jóhannsson varð aftur fyrir valinu sem leikstjóri eftir afar gott samstarf fyrir ári síðan. Líkt og í síðasta barnaverki var sviðsmyndin lítil en afar praktísk. Einungis tveir ferkantaðir kassar voru á sviðinu nánast allan tímann á mismunandi stöðum og hliðum. Búningarnir voru hins vegar ekki einfaldir. Hátt í 100 búningar voru notaðir í þessari sýningu sem leikendur skiptu úr og í,

í gegnum alla sýninguna. Við fengum til okkar í fyrsta skipti atvinnustílista sem hjálpaði mikið til við að kaupa og setja saman búninga sem kom virkilega vel út. Einnig réðum við til okkar teiknara sem teiknaði og litaði sérsniðnar myndir fyrir verkið í takt við ævintýrið sem var í gangi á sviðinu. Þessum teikningum var varpað upp á bakvegginn og flettist samhliða breytingunum á sviðinu. Tónlistina að þessu verki var nánast ómöguleg að finna. Eftir víðamikla leit að tónlistinni fengum við hjálp frá Freyvangsleikhúsinu sem hafði sýnt þetta verk áður. Upp úr þeirra uppsetningu voru nokkur lög endurútsett og svo restin samin sérstaklega fyrir okkar uppsetningu. Við þökkum Freyvangsleikhúsinu kærlega fyrir þessa aðstoð. Verkið var æft í 8 vikur og frumsýnt í nóvember. Sýningin var afar vel heppnuð og mikil ánægja í hópnum eftir mjög mikla vinnu.

Það var einungis þetta eina verk sett upp á þessu leikári sökum annarrar starfsemi í húsinu. Við munum koma sterk til baka með annað metnaðarfullt stykki í haust og um ókomin leikár.

Við viljum þakka kærlega fyrir allt okkar góða fólk og þeirra aðstandendur fyrir að hafa lagt krafta sína í félagið á þessu leikári.

Viktor Rittmüller, gjaldkeri



Blessað barnalán

Leikfélag Ölfuss

Blessað barnalán

Höfundur: Kjartan Ragnarsson
 Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
 Þátttakendur: 24
 Sýningafjöldi: 11
 Áhorfendur: 400

Leynilíf garðdverganna

Höfundar: Árný Leifsdóttir og Oddfreyja H. Oddfreysdóttir
 Leikstjóri: Árný Leifsdóttir
 Þátttakendur: 12
 Sýningafjöldi: 1
 Áhorfendur: 500

Skýrsla stjórnar leikárið 1. maí 2017 til 30. apríl 2018:

Stjórn LÖ 2014-2015:

Á aðalfundi sem haldinn var 10. maí 2017 urðu þær breytingar á stjórn félagsins að Oddfreyja Halldóra Oddfreysdóttir var kjörin formaður og með henni í stjórn voru kjörin: Erla Dan Jónsdóttir, varaformaður, Hákon Svavarsson, ritari, Árný Leifsdóttir, gjaldkeri og Hulda Gunnarsdóttir meðstjórnandi. Varamenn voru kjörnir þau Ólöf Þóra Þorkeldsdóttir og Ingólfur Arnarson.

Bandalagsskólinn

Ákvörðun stjórnar frá því 2011 um að greitt verði fyrir allt að 3 nemendur í Bandalagsskólann var í gildi áfram í fyrra þegar okkar fólk fór í skólann síðasta sumar, en í skólann fóru Aðalsteinn, Árný og Magnþóra á Masterclass í leikstjórn hjá Rúnari Guðbrandssyni. Oddfreyja og Erla Dan á sérnámsskeið í leiklist hjá Þorsteini Bachmann. LÖ greiddi því sem nemur þremur gjöldum og dreifðist mismunurinn sem eftir stóð jafnt á milli nemenda. Þess má geta að vegna góðrar fjárhagsstöðu félagsins tók stjórnin þá ákvörðun að greiða þetta árið sem nemur fjórum skólagjöldum og vonumst til að fleiri LÖ félagar fari þá í skólann.

Breytingar á stjórn á tímabilinu

Hulda sagði sig úr stjórn í ágúst, vegna persónulegra ástæðna og var Ólöf Þóra þá tekin í aðalstjórn í staðinn.

Verðlaun

Leikfélag Ölfuss hlaut menningarverðlaun sveitarfélagsins 2017 og var félagið vel að þeim komið.

Verkefni félagsins á leikárinu

Menningar- og markaðsfulltrúi sveitarfélagsins Ölfuss hafði samband við okkur og bauð okkur að sjá um leiksýningu á Hafnardögum, sem við

gerðum. Leikverkið Leynilíf garðdverganna var gert upp úr tveimur stuttverkum annað eftir Árnýju og hitt eftir Oddfreyju, en Árný sá um að splæsa þeim saman og gera að einni heild. Árný sá einnig um að leikstýra verkinu og voru leikarar: Hekla Björg Jónsdóttir, Jóhanna Hafdís Leifsdóttir, Hákon Svavarsson, Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir, Aðalsteinn, Oddfreyja og Erla Dan. Endaði verkið með söng og sá Sæunn Jóhanna Þórsdóttir um hann ásamt leikurum.

Aftur bauð menningar- og markaðsfulltrúi okkur verkefni sem umsjónaraðilar fyrir Barnabókahátíð sem halda skyldi haustið 2017 og tókum við það að okkur og heppnaðist atburðurinn með ágætum. Birgitta Haukdal setti hátíðina, las úr bók sinni og söng fyrir börnin, þau fengu svo að búa til sögur, máta búninga og fönndra.

Gunnar Björn Guðmundsson, sem ætti að vera flestum kunnur, var ráðinn leikstjóri fyrir stóra haustleikverkið. Skoðuðum við verkin Sex í sveit og Blessað barnalán og varð úr að Blessað barnalán var sett á svið, en það er frekar mannmargt verk og vorum við svo heppin að eiga góða félagi í öðrum félögum sem buðust til að vera með, en það voru þær Ragnhildur Ýr og Kristín Svanhildur, aðrir leikarar voru Helena og Kolbrún Dóra sem var að stíga á svið í fyrsta skipti og stóð sig stórvel, Aðalsteinn, Oddfreyja, Jóhanna Hafdís, Erla Dan, Róbert Karl, Ásta Margrét, Ingólfur, Árný og Þuríður Sigurrós í afleysingum. Hákon fékk svo að mæta á svið í lokasýningunni bara til að auka á stemminguna, en það að hann kom inn vakti mikla kátínu leikhúsgesta. Ýmsir komu í hvíslarahlutverk en enduðu oft en ekki í hlutverki í leikritinu eða þar til Berglind Sigurðar-dóttir tók það hlutverk að sér. Í miðasölunni voru Rakel Daðadóttir og Guðrún Margrét Jökulsdóttir. Ólöf Þóra sá svo um sjoppuna og fékk góða aðstoð frá hinum og þessum.

Leikhús aðstaðan

Við lentum tvisvar í því á tímabilinu að það voru aðrir atburðir í gangi í litla salnum og olli það truflun á meðan á leiksýningum stóð. Það er því gott að hafa það í huga þegar talað er við nýjan húsvörð fyrir haustið.

Jólasveinar

1. desember var svo komið að því að skemmta börnunum á ráðhústorginu og sáu Helena, Hekla Björg, Jóhanna Hafdís og Hilmar Kristberg um að stíga í gervi jólasveina og var ekið um af Árnýju.

Við áttum svo tvo fulltrúa í þorablótsnefnd eða Erlu Dan og Helenu og komu þær íbúum Þorlákshafnar heldur betur á óvart þegar þær stöllum mættu í hlutverkum gamalla kvenna heim til nokkura þeirra til að selja þeim miða á blótið. Skemmtilegt uppátæki hjá þeim stöllum.

Verkefni næsta leikárs

Búið er að ræða við Guðfinnu Gunnarsdóttur hjá Leikfélagi Selfoss um að leikstýra okkur í haust, en það hentar henni ekki að byrja í september, þá er hún að vinna með sínu félagi. Hún bauð okkur þó að við myndum æfa frá mánaðarmótum okt-nóv. græja leikmynd í des. Hefja svo æfingar aftur strax í byrjun jan og sýna svo í framhaldi af því. Ekki hefur verið rætt hvað hentar okkur best í þessu, en það fellur í hendur nýrrar stjórnar að taka ákvörðun um hvort að móttilboði Guðfinnu verði tekið eða nýr leikstjóri fundinn. Höfðum við hug á að setja á svið Sex í sveit, en eins og venjulega veltur allt á mönnun í hlutverk.

BÍL þing

Einungis einn af stjórnarmeðlimum komst á Bandalagsþingið þetta árið eða Oddfreyja, en var svo heppin að fá með sér og með samþykki stjórnar þær Magnþóru og Huldu enda alltaf styrkur í öðrum. Það er gott að fara á þingið líka til að kynna félögum úr öðrum leikfélögum og vita hvað þau eru að gera og hvort að við getum eitt-hvað lært af þeim, ekki skemmir nú fyrir að eignast nýja vini. Magnþóra var kosin í varastjórn Bandalags íslenskra leikfélaga. Haldin voru örnámskeið í sniðugum lausnum fyrir leikfélög til að halda utan um allan rekstur leikfélaga og vonandi skoðar ný stjórn að koma öllum gögnum á einn stað til að halda utan um sögu félagsins sem er verðmæt.

*Fyrir hönd stjórnar Leikfélags Ölfuss,
Oddfreyja, formaður.*



Maður í mislitum sokkum

Leikfélagið Grímnir

Maður í mislitum sokkum

Höfundur: Arnmundur Backman

Leikstjóri: Bjarki Hjörleifsson

Þátttakendur: 27

Sýningafjöldi: 9

Áhorfendur: 340

Leikfélagið Óríon

Leigumorðið

Höfundur: Leikfélagið Óríon

Leikstjóri: Bryndís Björk Kristmundsdóttir

Þátttakendur: 10

Sýningafjöldi: 3

Áhorfendur: 52

Síðasta ár hjá Leikfélaginu Óríon hefur farið aðallega í að halda áfram að vinna að „devised“ verkefninu sem varð svo að sýningunni Leigumorðið. Hópurinn fór í æfingarferð á Yzsta-Bæli yfir helgi og varð mikill afrakstur af þeirri ferð. Sýningin var loks sýnd í lok apríl og byrjun maí í Hinu Húsinu þar sem Anna Íris bættist í leikarahópinn. Frítt var inn á sýninguna en tekið var við frjálsum framlögum og ákveðið var að allur hagnaður úr sýningunni myndi fara í að setja upp hinsegin leikverk í framtíðinni. Leigumorðið mun verða sett aftur upp þann 4.-8. júlí sem partur af leiklistarhátíðinni Reykjavík Fringe.



Leigumorðið

Stjórn Leikfélagsins Óríon tók þá ákvörðun á árinu að hafa það opinbert að leikfélagið leggur áherslu á uppsetningu verka sem sýna þann fjölbreytileika mannlífsins sem sést ekki oft á fjölonum.

Stjórnin

Leikfélagið Skagaleikflokkurinn

Á árinu 2018 hafa verkefni félagsins verið eftirfarandi:

Undirbúningur fyrir dagsskrána „Kellingarnar minnst fullveldis“, söguganga sem fór fram á Írskum dögum. Þetta er 4. árið sem Leikfélagið vinnur dagskrá í samvinnu við Bókasafn Akraness, umsjón höfðu Guðbjörg Árnadóttir, Hallbera Jóhannesdóttir og Halldóra Jónsdóttir.

Námskeið var haldið fyrir fötluð ungmenni í umsjón Þrastar Guðbjartssonar.

Samlestur á nokkrum leikritum í umsjón stjórnar.

Samvinna við Vinnuskólann um götuleikhús á Írskum dögum „Landnám Íra á Akranesi á 5 mín.“ Umsjón Árni Pétur Reynisson.

Eftir nokkurt hlé á uppsetningu leikverks í fullri lengd eru félagar að byrja undirbúning á sýningu



„Kellingarnar“ eftir velheppnaða göngu 5. júlí 2018



Guðbjörg Árnadóttir

unni „Beðið eftir Go.com air“ eftir Ármann Guðmundsson, leikstjóri verður Jóel Ingi Sæmundsson.

Kveðja frá fyrrum formanni BÍL, sem hlaut menningarverðlaun Akraneskaupstaðar á Vökudögum 2017 fyrir framlag sitt til menningarstarfs í bæjarfélaginu, Guðbjörg Árnadóttir

Leikfélagið Sýnir

Að vera

Höfundur: Halldór Magnússon
Leikstjóri: Jónheiður Ísleifsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 35

Rakel

Höfundur: Aðalsteinn Jóhannsson
Leikstjóri: Magnþóra Kristjánsdóttir
Þátttakendur: 3
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 35

Boltinn góði

Höfundur: Oddfreyja H. Odfreysdóttir
Leikstjóri: Óskar Þór Hauksson
Þátttakendur: 4
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 35

Trúarbrögð og trúðalæti

Höfundur: Helga Hlín Bjarnadóttir
Leikstjóri: F. Elli Hafliðason
Þátttakendur: 3
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 35

Ég veit hvað þú gerðir síðasta sumar

Höfundur: Selma Rán Lima
Leikstjóri: Aðalsteinn Jóhannsson
Þátttakendur: 3
Sýningafjöldi: 1
Áhorfendur: 35

Stjórn skipa:

Ármann Guðmundsson, formaður
Gísli Björn Heimisson, varaformaður
Ninna Karla Katrínardóttir, ritari
Unnar Reynisson, gjaldkeri
Ásta Elínardóttir, meðstjórnandi
Varastjórn: María Björt Ármannsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir og Stefán H. Jóhannsson

Starfsemi leikfélagsins þetta leikárið var afar lítil, nokkrir stjórnarfundir voru haldnir en eina uppsetning leikársins var stuttverkadagskráin Skítverkin sem sýnd var á svokölluðu Bandalagsskólaríjúníoni sem haldið var dagana 8.-10. september að Sólheimum í Grímsnesi.

Fimm örverk eftir jafnmarga höfunda voru æfð

*Boltinn góði*

og sýnd á staðnum og heimilisfólki í Grímsnesi boðið að koma og horfa á sýninguna, sem allnokkrir þáðu.

Verkin sem voru sýnd voru: Að vera eftir Halldór Magnússon í leikstjórn Jónheiðar Ísleifsdóttur, Boltinn góði eftir Oddfreyju H. Oddfreysdóttur í leikstjórn Óskars Þórs Haukssonar, Ég veit hvað þú gerðir síðasta sumar eftir Selmu Rán Lima í leikstjórn Aðalsteins Jóhannssonar, Rakel eftir Aðalstein Jóhannsson í leikstjórn Magnþóru Kristjánsdóttur og Trúarbrögð og trúðslæti eftir Helgu Hlín Bjarnadóttur í leikstjórn Árnýjar Leifsdóttur.

Enginn aðalfundur var haldin á leikárinu sem auðvitað er ekki ásættanlegt en má þar um kenna almennu framtaksleysi stjórnar. Bætt verður úr þessu á komandi leikári.

Ármann Guðmundsson, formaður

Leikflokkurinn Hvammstanga

Hérumbil Húnaþingi

Höfundur: John Cariani

Þýðandi: Ingunn Snædal

Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 3

Áhorfendur: 241

*Hérumbil Húnaþingi*

Leikhópurinn Lopi

Dúkkulísa

Höfundur: Þórdís Elva Þorvaldsdóttir

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon

Þátttakendur: 15

Sýningafjöldi: 6

Áhorfendur: 125

Skýrsla stjórnar leikárið 2017 – 2018:

Starfsemi Leikhópsins Lopa var frekar hefðbundin sl. leikár. Ákveðið var á fundi í september 2017 að setja upp sýningu að vori 2018.

Eftir að hafa lesið þau leikrit sem í boði voru var ákveðið að taka til æfinga og sýninga leikritið Dúkkulísa eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur.

Um var að ræða skemmtilegt unglingsverk sem gerist á á lokaballi í grunnskóla. Æfingar hófust í febrúar, 13 leikarar tóku þátt í sýningunni og 2 tæknimenn. Æfingar gengu vel og var frumsýnt 19. mars við góðar undirtektir. Sýndar voru 4 almennar sýningar á Þjóðleik og 2 nemenda-sýningar. Sýningar gengu vel og var almenn ánægja með þetta verkefni.

Í heild gekk þetta leikár vel. Þetta var 31. frumsýning Lopa og 25. leikárið. Sýnir að starfsemin er í gangi.

Magnús J. Magnússon, formaður

Stúdentaleikhúsið

Medía

Höfundur: Leikhópur Stúdentaleikhússins 2017-2018

Leikstjóri: Stefán Benedikt Vilhelmsson

Þátttakendur: 13

Sýningafjöldi: 8

Áhorfendur: 207

Skýrsla stjórnar Stúdentaleikhússins 2017-2018: Birta Ísey Brynjarsdóttir tók við sem formaður af Þóri Símoni síðastliðin ágúst, 2017. Stjórn var mynduð í byrjun september og samanstóð hún af Birtu, Þórönnu Gunný Gunnarsdóttur og Söru Rut Arnardóttur.

Viðtöl voru haldin við leikstjóra, og var Stefán Benedikt Vilhelmsson ráðinn. Prufur voru haldnar fyrir leikhóp í byrjun nóvember, og um miðjan nóvember hófust æfingar með hópnum sem samanstóð af 5 stelpum og 5 strákum. Verkið var unnið í „devised“ stíl, og var frumsamið handrit tilbúið í byrjun janúar. Æfingar stóðu frá nóvember til frumsýningar þann 21. janúar 2018 í Gamla Herkastalanum, Kirkjustræti 2, 101 Reykjavík. Sýndar voru 8 sýningar, en lokasýning var 27. janúar 2018.

*Birta Ísey Brynjarsdóttir
Þóranna Gunný Gunnarsdóttir
Sara Rut Arnardóttir*



Medía



Sálir Jónanna ganga aftur

Umf. Biskupstungna, leikdeild

Sálir Jónanna ganga aftur

Höfundar: Ingibjörg Hjartardóttir, Sigrún Óskarsdóttir, Unnur Guttormsdóttir
Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson
Þátttakendur: 18
Sýningafjöldi: 12
Áhorfendur: 566

Umf. Efling, leikdeild

Stöngin inn!

Höfundur: Guðmundur Ólafsson
Tónlistarstjóri: Jaan Alavere
Leikstjóri: Vala Fannell
Þátttakendur 41
Sýningafjöldi: 16
Áhorfendur: 1211

Starfsskýrsla:

Í lok október var Vala Fannell ráðin leikstjóri hjá Leikdeild Eflingar og í framhaldi af því var haldinn fundur til að kanna áhuga. Með hliðsjón af áhuga og samsetningu hópsins var ákveðið að setja upp verkið Stöngin inn! eftir Guðmund Ólafsson. Boðað var til fyrsta samlestrar undir stjórn leiknefndar í byrjun desember og Jaan

Alavere var ráðinn tónlistarstjóri. Æfingar hófust með leikstjóra 10. janúar 2018. Æfingar gengu vel og verkið var frumsýnt 23. febrúar. Sýningin fékk mikla aðsókn og hlaut góða dóma. Þátttakendur voru eins og oft áður blanda af gamalreyndum leikurum, minna reyndum og þó nokkrum sem voru að stíga sín fyrstu skref á sviði. Leikarar voru 19 auk fimm manna hljómsveitar og þeirra fjölmörgu annarra sem komu að sýningunni með einum eða öðrum hætti. Gaman er að segja frá því að höfundi verksins, Guðmundi Ólafssyni og eiginkonu hans, Olgu Guðrúnu Árnadóttur var boðið norður á sýningu þann 10. mars. Leikdeildin þakkar, Iceland Air connect, Aurora Guesthouse og Dalakofanum, sem gerðu Leikdeildinni kleift að bjóða þeim í helgarferð norður. Að venju var Leikdeildin í samstarfi við Kvenfélag Reykdæla, en kvenfélagskonur sáu um veitingasölu á sýningum.

Leiknefnd Eflingar skipa: Freydís Anna Arngrímsdóttir, Járnbrá Björg Jónsdóttir og Hörður Þór Benónýsson

Freydís Anna Arngrímsdóttir



Stöngin inn

Umf. Skallagríms, leikdeild

39 og 1/2 vika

Höfundur: Hrefna Friðriksdóttir

Leikstjóri: Hrund Ólafsdóttir

Pátttakendur: 13

Sýningafjöldi: 10

Áhorfendur: 405



39 og 1/2 vika

Athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2017-18



Val Þjóðleikhússins á athyglisverðustu áhugaleiksýningu leikársins hefur nú farið fram í tuttugasta og fimmta sinn. Að þessu sinni sóttu alls fjórtán leikfélög um að koma til greina við valið með sextán sýningar. Formaður dómnefndar var Björn Ingi Hilmarsson leikari og leikstjóri, en með honum í dómnefnd sátu þrír leikarar Þjóðleikhússins, þau Eggert Þorleifsson, Guðrún S. Gísladóttir og Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir. Eftirtalin leikfélög sóttu um með þessar sýningar:

1. Freyvangsleikhúsið: Þrek og tár eftir Ólaf Hauk Símonarson.

Leikstjóri: Ólafur Jens Sigurðson.

2. Halaleikhópurinn: Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backman.

Leikstjóri: Þröstur Guðbjartsson.

3. Hugleikur: Hráskinna eftir Ármann Guðmundsson, Ástu Gísladóttur, Sigríði Báru Steinþórsdóttur og Þorgeir Tryggvason.

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson.

4. Leikfélag Hveragerðis: Glanni Glæpur í Latabæ eftir Magnús Scheving.

Leikstjóri: Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson.

5. Leikfélag Keflavíkur: Dýrin í Hálsaskógi eftir Thorbjörn Egner. Leikstjóri: Gunnar Helgason.

6. Leikfélag Keflavíkur: Mystery Boy eftir Smára Guðmundsson.

Leikstjóri: Jóel Sæmundsson.

7. Leikfélag Kópavogs: Fróði og allir hinir grislingarnir eftir Ule Lund Kirkegaard.

Leikstjóri: Örn Alexandersson.

8. Leikfélag Kópavogs: Snertu mig ekki! - snertu mig! eftir Örn Alexandersson.

Leikstjóri: Sigrún Tryggvadóttir.

9. Leikfélag Mosfellssveitar í samstarfi við Listaskóla Mosfellsbæjar: Allt önnur Ella eftir Ingrid Jónsdóttur og leikhópinn.

Leikstjóri: Ingrid Jónsdóttir.

10. Leikfélag Norðfjarðar: Litla hafmeyjan eftir H.C. Andersen/Walt Disney/Bjarneyju Lúðvíks-

dóttur.

Leikstjórar: Þórfriður Soffía Þórarinsdóttir og Helga Ósk Þórormsdóttir Snædal.

11. Leikfélag Selfoss: Vertu svona kona eftir Margaret Atwood, Guðfinnu Gunnarsdóttur og leikhópin.

Leikstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir.

12. Leikfélag Sólheima: Úlfar ævintýranna eftir Guðmund Lúdvík Þorvaldsson í leikstjórn höfundar.

13. Leikfélag Ölfuss: Blessað barnalán eftir Kjartan Ragnarsson.

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson.

14. Leikfélagið Grímnir: Maður í mislitum sokkum eftir Arnmund Backman.

Leikstjóri: Bjarki Hjörleifsson.

15. Leikflokkurinn Hvammstanga: Hérumbil, Húnaþingi eftir John Cariani.

Leikstjóri: Sigurður Líndal Þórisson.

16. Stúdentaleikhúsið: Medía eftir leikhóp Stúdentaleikhússins.

Leikstjóri: Stefán Benedikt Vilhelmsson.

Dómnefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að velja að þessu sinni sem athyglisverðustu áhuga-leiksýningu leikársins 2017-2018 sýningu Leikfélags Keflavíkur á Mystery Boy.

Umsögn dómnefndar um sýninguna:

Sýning Leikfélags Keflavíkur á Mystery Boy eftir Smára Guðmundsson, í leikstjórn Jóels Sæmundssonar, er afar metnaðarfullur, nýr íslenskur söng-leikur þar sem fjallað er á óvenjulegan hátt um mikilvæg málefni.

Verkið er byggt á reynslu höfundar af því að fara í áfengismeðferð, en útfærslan er afar frumleg og djörf. Fantasiukennd nálgun höfundar við efnið er til þess fallin að gera efnið aðgengilegt og skemmtilegt fyrir nútíma áhorfendur.

Um leið er fjallað um sígild viðfangsefni eins og ástina, frelsisþrána, óttann, átök um völd, baráttu góðs og illis, mannleg samskipti og það að upplifa sig á einhvern hátt utangarðs.

Leikstjórnin einkennist af alúð og virðingu fyrir viðfangsefninu. Umgjörðin er einföld en notuð á hugvittsamlegan hátt og fallega lýst. Tónlistin er skemmtileg og vel flutt af hljómsveit og söngvurum, sem einnig standa sig vel í leik.

Leikfélag Keflavíkur fær sérstakt hrós fyrir að ráðast af miklum metnaði í uppsetningu á nýju verki, með nýrri tónlist, þar sem þátttakendur leggja líf og sál í uppsetninguna.

Þjóðleikhúsið óskar Leikfélagi Keflavíkur til hamingju og býður leikfélaginu að koma og sýna Mystery Boy á Stóra sviði Þjóðleikhússins þann 24. maí. 2018.



Stjórnarfundir Bandalags íslenskra leikfélaga

Stjórnarfundur 6. maí, 2017

Staður: Hótel Hlíð í Ölfusi

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Salbjörg Engilbertsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj.

Fundargerð:

Fundur settur klukkan 16:00

Samþykkt að úthlutunarfundur verði mánudaginn 26. júní klukkan 13:00 á skrifstofu BÍL.

Ákveðið að skipan stjórnar BÍL verði óbreytt.

Formaður: Guðfinna

Varaformaður: Ólöf

Ritari: Þráinn

Meðstjórnendur: Bernharð og Gísli Björn

Varamenn: Salbjörg, Sigríður, Embla, Þrúður og Ágúst.

Rætt var um að skilja bókina „Allt fyrir andann“ eftir á hvejum þeim stað sem við komum á.

Fundi slitið klukkan 16:24.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason

Stjórnarfundur 26. júní, 2017

Staður: Þjónustumiðstöðin Kleppsmýrarvegi 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Salbjörg Engilbertsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj.

Fundargerð:

Fundur settur klukkan 13:10.

1. Úthlutun styrkja vegna leikársins 2016-17

Farið yfir innsendar umsóknir:

- Leikfélag Hveragerðis - Frumflutningsstyrk hafnað - Frumkvæðisstyrkur samþykktur vegna vals Þjóðleikhússins á sýningunni sem Athyglisverðustu áhugaleiksýningu ársins 2017.

- Leikfélag Keflavíkur - Styrkumsókn hafnað vegna sýningarinnar Síðasta kvöldmáltíðin þar sem hvorki barst upptaka né handrit og stjórn gat ekki metið hvað um var að ræða - Frumkvæðisstyrkbeiðni hafnað vegna Litlu hryllingsbúðarinnar.

- Leikfélag Kópavogs - Frumkvæðisstyrkumsókn vegna Svarta kassans samþykkt.

- Leikfélag Mosfellssveitar - Frumkvæðisstyrkumsókn vegna Skilaboðaskjóðunnar samþykkt vegna frumkvæðis í umgjörð sýningarinnar.

- Leikfélag Sólheima - Frumkvæðisstyrkumsókn samþykkt vegna nýrrar tónlistar. Styrkbeiðni vegna nemanda í Bandalagsskólann hafnað. Leikfélagi bent á að sækja um fyrir hann að ári.

- Leikfélagið Óríon - Frumkvæðisstyrkumsókn samþykkt vegna nýrrar tónlistar.

- Stúdentaleikhúsið - Frumkvæðisstyrkumsókn hafnað þar sem ekki barst upptaka.

- Leikfélag Norðfjarðar - styrkbeiðnum fyrir stuttverkin Kaffi og með því, Á fæðingardeildinni, Einkamál.is, Jólballið og Persónur Benedikts búálfis hafnað þar sem ekki var fengið leyfi höfundarrétthafa fyrir uppsetningunum.

Styrkur vegna fullrar (80 mín) sýningar verður 330.746 krónur. Sótt var um fyrir 86 leiksýningar, 18 námskeið og 37 nemendur í Leiklistarskóla-

num. Styrkir eru veittir til 80 leiksýninga, 16 námskeiða og 36 nemenda.

2. Farið yfir starfsáætlun leikársins 2017-18 og samþykktir síðasta aðalfundar

- Rekstur þjónustumiðstöðvar; Vilborg: Reksturinn gengur þokkalega og útlitið betra en venjulega.

- Leiklistarskólinn; Gekk mjög vel á nýjum stað. Búið er að gera samning fyrir næsta ár og gott útlit fyrir að samstarfið við Reyki vari enn lengur. Skólinn starfar næst 9.-17. júní 2018.

- Leiklistarvefurinn; Stendur vel og er í stöðugri þróun.

- Vilborg og Guðfinna eru að fara á aðalfundi IATA og NEATA í Mónakó í ágúst 2017.

- Þarf að fara að funda með nýjum ráðherra við tækifæri og þá sérstaklega varðandi verkefnatengda styrkinn.

- Liður 1 og 2 í sérverkefnum verða teknir fyrir þegar nær dregur aðalfundi.

- Gert er ráð fyrir að búið verði að skipa í nefnd til þess að sjá um undirbúning fyrir leiklistarhátíð 2020 fyrir næsta aðalfund.

3. Önnur mál

- Rætt var um að reyna að nálgast upptökur af Landanum en hann var á ferðinni í Hrutafirðinum á starfstíma Bandalagsskólans og voru tekin viðtöl og fylgst með skólastarfinu. Þátturinn verður sýndur á RUV í haust.

- Búið er að setja á fót gagnabanka þar sem hægt er að setja inn myndir af búningum og propsi til láns og leigu. Þessi banki er á Leiklistarvefnum. Þegar félag skráir sig inn á vefinn er hægt að nálgast form til að setja inn hluti hér: (<https://leiklist.is/skraning-a-lans-og-leigulista/>)

Yfirlits- og leitarsíða er hér (<https://leiklist.is/leigulisti-bil/>).

- Rætt var um sameiginlegt miðapöntunarkerfi. Ákveðið að koma þeirri vinnu inn í vinnustofur samhliða næsta aðalfundi.

- Rætt var um hvort hægt væri að fá einhvern til þess að vinna fyrir okkur kynningarherferð fyrir lítinn pening.

- Rætt var um að á næsta aðalfundi verði unnið að því að finna út hvað við viljum að þjónustumiðstöðin geri.

- Næsti fundur verður með haustinu.

Fundi slitið klukkan 16:30.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason

Stjórnarfundur: 11. nóv. 2017

Staður: Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson og Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj.

Fundargerð:

Fundur settur kl. 10.00

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Guðfinna fór yfir fundargerðina og ræddi hvort ekki væri hægt að nálgast „Landabáttinn“ þar sem fjallað var um Bandalagsskólann. Einnig hvort hægt væri að fá eldra efni hjá RUV. Vilborg ætlar að ganga í málið.

Þurfum að hafa samband við nýjan ráðherra sem fyrst eftir að ný ríkisstjórn verður tekin til starfa.

Rætt var um að setja saman nefnd um leiklistarhátíð 2020. Ákveðið að taka það fyrir á næsta stjórnarfundum.

2. Starfsáætlun leikárið 2017-18:

Rekstur þjónustumiðstöðvar gengur vel. Hrekkjavökusalan var þó umtalsvert minni en undanfarin

ár. Líkleg skýring á því er að það eru svo margir farnir að selja sambærilegar vörur fyrir þennan dag og eins verslar fólk í meira mæli erlendis frá. Drama, danska heildsalan fyrir Grimmas förðunarvörurnar, varð gjaldþrota nú í enda október. Við verslum því beint frá framleiðanda í Hollandi framvegis og kemur fyrsta sendingin þaðan fljótlega. Verðið á vörunum virðist svipað en þó mun muna um það að sendingarkostnaður verður enginn frá Hollandi en var umtalsverður frá Danmörku. Gott væri að senda út póst til aðildarfélaganna fyrir næstu pöntun með spurningu um hvort það sé eitthvað sérstakt sem leikfélaginu þeirra vanti.

Fjárhagur bandalagsins er sterkari en fyrir ári síðan.

Gísli sagði frá síðasta fundi skólanefndar og sagði frá hugmyndum að námskeiðum næsta sumar.

Leiklistarvefurinn er í góðum höndum Lénsherra.

Rætt um að fá Hörð til að aðstoða okkur og koma með hugmyndir að vinnustofunámskeiði samhliða aðalfundi 2018.

Þurfum að minna reglulega á að það verði stuttverkahátíð samhliða aðalfundi 2018 þannig að félög geti betur undirbúið sig.

3. Af erlendum vettvangi:

a) Þátttaka okkar í barnaleikhúsmótinu í Frakklandi 2018:

Guðfinna ræddi um þessa hátíð og hvernig best væri að haga þátttöku okkar á mótinu sem haldið verður í Tolouse í Frakklandi 10.- 22. júlí 2018. Ákveðið hefur verið að við og Færeyingar skipti með okkur þátttökunni þannig að hvert land sendir 3 krakka 13-15 ára, Færeyingar senda leiklistarkennara og við sendum fararstjóra/umsjónarmann með börnunum frá báðum löndunum. Rætt var um að tala við formenn þeirra félaga sem hafa verið með barna- og unglingastarf. Ákveðið var að finna sem fyrst fararstjóra til þess að halda utan um ferðina en þó ekki fyrr en mótshaldarar hafa staðfest við okkur að þeir hafi útvegað nægilegt fjármagn svo að af þessu geti yfirleitt orðið.

b) Skýrslur Guðfinnu og Vilborgar um fundi IATA og NEATA í Monaco

Guðfinna og Vilborg fóru yfir það sem fram fór á IATA fundinum. Þar kom m.a. fram að það var ákveðið að fækka í stjórn og formaðurinn tekur strax við eftir stjórnarkjör. Allar hugmyndir um að stækka og opna félagsskapinn voru skotnar í kaf á fundinum. Mikil hagsmunapólitík var í gangi meðal frönskumælandi fulltrúanna og sterk andstaða við þær breytingar sem lagðar höfðu verið fyrir fundinn. Þær stöllur voru á því að þetta hafi verið áhugaverður og gagnlegur fundur. Sérstök skýrsla frá fundum NEATA fylgir fundargerðinni, athugið að hún er skrifuð í ágústlok sl.

c) Næsta NEATA hátíð í Litháen 2018

Verður haldin 31. júlí til 5. ágúst. Það verður vegleg hátíð þar sem NEATA er að halda upp á 20 ára afmæli á þessum tíma. Litháar bíða staðfestingar á umsóttum styrkjum til hátíðarinnar og þangað til er ekki hægt að auglýsa eftir sýningum. Þeir eiga von á svörum í þessum mánuði og þá munum við senda út allar nánari upplýsingar.

4. Önnur mál

Vilborg sagði frá fundi með Ungversku leikhúsfólki sem bókað hafði fund með henni á skrifstofunni í enda ágúst sl. Erindi þeirra var að kynna íslensku leikhúsflorunni frá sem flestum hliðum.

Ákveðið að hafa góðan vinnufund stjórnar BÍL í mars 2018.

Rætt var um ársritið og hvað það er einstaklega glæsilegt þetta árið.

Fundi slitið klukkan 11:50.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason

Fylgiskjal með fundargerð:

NEATA fundir í Monaco - ágúst 2017

Hotel Novotel, Monaco, 23.8. kl. 9.30

1. Farið í gegnum breytingartillögur stjórnar AITA/IATA á gildandi stjórnarskrá samtakanna.

Eftir nokkrar umræður voru flestir sammála um að þær væru allar til bóta en hvert og eitt land myndi kjósa um þær eftir sinni samvisku en ekki eftir samræmdri skoðun NEATA.

2. Næsta NEATA hátíð verður í Litháen 31. júlí til 5. ágúst 2018. Það ár verður NEATA 20 ára. Yfirskrift hátíðarinnar verður Hefð - Sköpun - Framtíð. Hátíðin verður haldin í Anykschiai sem er í ca. 100 km. fjarlægð frá Vilinius. Þar má meðal annarst finna stærsta stein í Litháen. Litháar hugsa sér að NEATA Youth taki þátt í hátíðinni á svipaðan hátt og í Sönderborg. Hópurinn kæmi viku fyrir setningu hátíðarinnar og væri í leiksmíðju alla þá viku sem þau héldu svo áfram með yfir hátíðardagana og enduðu með sýningu.

Allt verður svo eins og leiðbeiningar um NEATA hátíðir segja til um og nánari upplýsingar koma frá Litháum í september nk.

Næstu hátíðir á dagskrá NEATA verða svo Svíþjóð 2020 og Eistland 2022.

3. Ákveðið að halda næsta fund í Eistlandi í janúar ef þörf þykir vegna stöðu NEATA innan AITA/IATA.

Fundi slitið kl. 12.15.

Hótel Novotel, Monaco, 24.8. 2017 kl. 14.30

1. Rætt um alþjóðlega þátttöku aðildarlandanna frá síðasta fundi:

Allir voru glaðir með NEATA stuttverkahátíðina sem haldin var í Færeyjum sl. haust en þar átti Ísland eitt stuttverk sem Leikfélag Hafnarfjarðar sýndi. Einnig sótti Guðfinna formaður hátíðina og fundi NEATA sem haldnir voru samhliða hátíðinni.

Danir og Eistar ætla að halda sínar stuttverkahátíðir í haust, Danir í september og Eistar í október. Danir hafa gefið út 4 bækur nýlega með nýskrifuðum dönskum stuttverkum.

Mikill áhugi er á eldri borgaraleikhúsi (Senior Teater) í Skandinavíu núna. Svíar buðu til

ráðstefnu um efnið í febrúar sl. og skýrsla um efni hennar var send út nýlega. Í kjölfar ráðstefnunnar hafa t.d. Svíar og Danir hafið samstarf um verkefni við Belga og fleiri þjóðir.

Svíar ætla að halda námskeið um minningaleikhús (Reminiscence Teater) í Stokkhólmi 6.-7. nóvember. Við fáum boð um það fljótlega.

Finnar sögðu frá NEATA Youth fundinum sem haldinn var í maí sl. Þangað sendum við Maríu Björt Ármannsdóttur. Fundurinn ákvað að halda námskeið í IMPROV næsta vetur.

Finnar stefna að því að halda barnaleikhúshátíð 2020 og bjóða til hennar norrænum sýningum.

Rætt var um stöðu mála í Noregi en eins og kunnugt er var NAT skrifstofunni lokað fyrir nokkrum árum af fjárhagsástæðum og verkefnum hennar deilt á landshlutasamtökin sem eru nokkur í Noregi. Skv. þeim upplýsingum sem fundarmenn höfðu var ekki búist við neinum breytingum á þessu ástandi á næstunni og Norðmenn verða því áfram óvirkir í NEATA samstarfinu.

Við Guðfinna sögðum frá EDERET verkefninu sem við höfum lofað að taka þátt í næsta sumar í Tolouse í Frakklandi. Þetta eru workshop fyrir krakka frá 13-15 ára. Okkur er boðið með Færeyingum þannig að þeir senda kennara og 3 krakka og við sendum umsjónarmann og 3 krakka.

2. Kristiina Omer forseti NEATA skýrði frá því að von væri á opinberu boði til NEATA um að senda eina sýningu á CIFTA leiklistarhátíð sem haldin verður í Toulouse næsta sumar. NEATA þarf að skipa dómnafnd til að velja úr umsóknum og vorum við beðnar að biðja Togga að sitja í henni.

3. Einnig liggur fyrir erindi frá AITA/IATA um að reyna að finna gestgjafa fyrir næstu alþjóðlegu leiklistarhátíð samtakanna sem halda á árið 2019 en ekki hefur tekist að finna henni stað ennþá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00.

Skýrslu ritaði Vilborg Valgarðsdóttir

Stjórnarfundur: 18. mars 2018

Staður: Kleppsmýrarvegur 8

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Bernharð Arnarson, Gísli Björn Heimisson, Embla Guðmundsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj.

Fundargerð:

Fundur settur kl. 12:00.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.

2. Starfsáætlun 2017-18 yfirfarin

Rekstur þjónustumiðstöðvar gengur vel og er í fínnum málum.

Umsóknir fyrir leiklistarskólann fara vel af stað.

Trúðanámskeiðið er orðið fullt en laust er á önnur námskeið.

Sótt hefur verið um aukaframlag í næsta samningi við ríkið vegna framkvæmdarstjóraskipta og til endurnýjunar tölvubúnaðar skrifstofunnar sem kominn er til ára sinna.

Sérverkefni

Hörður er tilbúinn að vera með fyrirlestra/vinnustofu samhliða aðalfundi. Einnig var talað um að finna fleiri sem gætu komið með einhver innlegg. Hugmyndir um að vera einnig með Office 365 kynningu, Google kynningu ofl.

Stuttverkahátíð verður haldin í Logalandi samhliða Aðalfundi BÍL 4. maí 2018 klukkan 20:00.

Skipuð var nefnd til þess að skipuleggja leiklistarhátíð fyrir árið 2020. Í henni sitja formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri. Ákveðið að eitt af umræðuefnum hópinnu á aðalfundi verði tileinkað hátíðinni.

3. Aðalfundur og einþáttungahátíð 2018

a) Staður og stund

Farið yfir staðsetningu og kostnað. Það er ljóst að gístikostnaður í Reykholti verður eitthvað meiri en verið hefur. Fundurinn verður haldinn í Logalandi og gíst verður á Íslandshótelu í Reykholti.

b) Aðstaða á fundarstað; gisting, matur, sýningar- og fundaraðstaða + verð.

Emblu falið að ganga frá þessum málum með aðstoð framkvæmdarstjóra.

Rætt um að hafa einþáttungahátíð á föstudeginum, vinnustofur/fyrirlestra fyrir hádegi á laugardeginum og svo aðalfund eftir hádegi á laugardeginum og á sunnudeginum.

Rætt var um að finna ódýrari gistingu fyrir þá sem ekki ætla að sitja fund. Embla fer í það mál ásamt framkvæmdarstjóra.

c) Ársreikningur 2017 yfirfarinn og undirritaður. Árgjaldagreiðslur félaga til BÍL lækka á hverju ári þrátt fyrir prósentuhækkun. Það skýrist á því að aðildarfélögum fækkar ört. Þetta er áhyggjuefni sem brýnt er að bregðast við.

Sala á farða hefur einnig minnkað tölvert frá fyrra ári.

Stjórn BÍL er ánægð með niðurstöður reikningsins og samþykkir hann fyrir sitt leyti.

d) Starfsáætlun 2018-19

Leiklistarhátíð 2020 verður sett inn í starfsáætlun. Að öðru leyti verður leitað til aðalfundar um að setja fleiri atriði inn sem sérverkefni ef fólki sýnist svo.

e) Stjórnarkjör og fleira

Bernharð, Þráinn og Ólöf eiga að ganga úr aðalstjórn. Ólöf og Þráinn eru tilbúin að halda áfram en Bernharð gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa.

Sigríður Hafsteinsdóttir og Ágúst T. Magnússon eiga að ganga úr varastjórn.

4. Erlent samstarf

Mikið er um að vera í erlendu samstarfi í sumar.

a) Leiklistarhátíð og aðalfundur NEATA 2018
Leikfélag Kópavogs er að fara til Litháen á NEATA hátíð í lok júlí.

Þær Guðfinna og Vilborg munu fara sem fulltrúar Bandalagsins á fundi NEATA.

María Björt og Sara Rós fara á NEATA Youth fund og leiksmiðju í Litháen samhliða hátíðinni. BÍL greiðir fargjöld fyrir þær.

b) Barnaleikhúsmót EDERED 2018

Barnaleikhúsmót verður haldið í Frakklandi í júlí. Greiða þarf laun fyrir fararstjóra sem og ferðakostnað en Kristín Svanhildur Helgadóttir hefur tekið það hlutverk að sér. Héðan fara 4 íslensk börn. Rætt hvernig við ættum að velja þau.

5. RUV og afrit af þáttabrotum um Leiklistarskóla BÍL. Rætt var að fá að setja bara link inn á streymisefnið frá RUV. Vilborg og Embla ræða við Gísla Einarsson vegna þáttarins Út og suður.

6. Önnur mál

Formaður minnir stjórnarmenn á að hafa samband við fósturfélögin sín til að minna á Leiklistarskóla BÍL og Aðalfund BÍL. Skila skal skýrslu munn- og skriflega til formanns sem fyrst.

Fundi slitið klukkan 14:40

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason.

Stjórnarfundur: 4. maí 2018

Staður: Logaland í Borgarfirði

Fundarmenn: Guðfinna Gunnarsdóttir, Ólöf Þórðardóttir, Þráinn Sigvaldason, Gísli Björn Heimisson, Embla Guðmundsdóttir, Sigríður Hafsteinsdóttir og Vilborg Valgarðsdóttir, frkv.stj.

Fundargerð:

Fundur settur kl. 22:00.

1. Aðalfundur BÍL

Stjórn fór yfir skipulag fundarins.

Fundi slitið klukkan 23:00.

Fundargerð ritaði Þráinn Sigvaldason

Menningarstefna

Bandalags íslenskra leikfélaga

Blómleg starfsemi og fjöldi leikfélaga hér á landi vitnar um að leiklistin er almenningsseign. Stór hópur fólks, óháð aldri, kyni og þjóðfélagsstöðu, nýtir frítíma sinn í skapandi starf og vinnur saman að leiklist. Bandalag íslenskra leikfélaga vill vinna að þróun og eflingu leiklistar með því að:

- stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum.
- gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
- stuðla að því að börn og unglingar kynnist leiklist, jafnt sem þátttakendur og áhorfendur.
- starfa með atvinnufólki að því markmiði að leiklistinni verði ætíð tryggð þroskavænleg skilyrði.
- stuðla að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks á norrænum og alþjóðlegum vettvangi.
- hvetja til að listrænn metnaður og virðing fyrir leiklistinni sé leiðarljós allra áhugaleikara.
- halda á lofti gildi þeirrar reynslu sem fæst með samstarfi og í samneyti við annað fólk.

Samþykkt á aðalfundi í Reykholti 5. maí 2001

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga



Guðfinna Gunnarsdóttir formaður

Aðalfundur Bandalags íslenskra leikfélaga haldinn í Logalandi 5.-6. maí 2018

Formaður Bandalagsins, Guðfinna Gunnarsdóttir setur fundinn kl. 13:00.

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.

Þorvaldur Jónsson og Steinunn Garðarsdóttir frá Umf. Reykdæla skipaðir fundarstjórar og Ingvaldur Lára Þórðardóttir Leikfélagi Hafnarfjarðar og Magnþóra Kristjánsdóttir Leikfélagi Ölfuss skipaðir fundarritarar. Fundur telst lögmætur.

2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.

Kjörbréf afgreidd og atkvæðaspjöldum dreift. Dýrleif Jónsdóttir Hugleik sagði frá stöðu mála

í stjórnarkjöri og lýsti eftir framboðum. Kosið verður um þrjá aðalmenn og tvo varamenn.

3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.

Eftir að fundarmenn höfðu staðið upp og kynnt sig las Sigríður Hafsteinsdóttir Leikfélagi Selfoss Menningarstefnu Bandalags íslenskra leikfélaga. Gísli Björn Heimisson Leikfélagi Hafnarfjarðar steig í pontu og gerði athugasemd við orðalag menningarstefnunnar. Örn Alexandersson Leikfélagi Kópavogs benti á mikilvægi þess að leikfélögin hefðu aðstöðu til þess að sinna listinni sbr. klausu í menningarstefnunni.

4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.

Þráinn Sigvaldason Leikfélagi Hörgdæla sagði frá því að engin félög hefðu sótt um aðild. Að því loknu las hann upp þrjú bréf sem stjórn hafði borist varðand úrsögn úr Bandalaginu. Jón Benjamín Einarsson frá Leikfélaginu Peðinu sendi hjartnæmt bréf um endalok Peðsins. Snúður og



Herdis Þorgeirsdóttir og Guðrún Esther Árnadóttir

Snælda, leikfélag eldri borgara hefur einnig hætt störfum og Leikdeild Umf. Stafholtstungna segir sig einnig úr Bandalaginu. Leikfélag Reyðarfjarðar og Leikfélagið Hallvarður Súgandi eru einnig tekin af félagaskrá vegna vangoldinna árgjalda. Eru aðildarfélög Bandalagsins nú 48.

5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.

Fundargerðin borin upp af fundarstjóra. Hún samþykkt.

6. Skýrsla stjórnar.

Guðfinna Gunnarsdóttir flutti skýrsluna, sjá bls. 8.

7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.

Vilborg Árný Valgarðsdóttir framkvæmdastjóri Bandalagsins kynnti reikningana. Hagnaður ársins var kr. 1.543.251.

8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.

Hörður Sigurðarson, Leikfélagi Kópavogs ræddi um búningagagnagrunn sem hann setti á laggirnar eftir síðasta þing og benti á að enginn hefur nýtt sér hann þrátt fyrir að gagnagrunnurinn hafi verið kynntur. Hann hvetur leikfélögin til að nýta

sér þetta til þess að skrá sérstaka muni sem eru í eigu þeirra.

Skýrsla stjórnar borin undir fundinn og hún samþykkt.

Reikningar bornir undir fundinn og þeir samþykktir.

9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.

Hrefna Friðriksdóttir flutti skýrslu skólanefndar Bandalagsins, sjá bls. 11.

Hörður Sigurðarson flutti skýrslu vefnefndar Leiklistarvefsins, sjá bls. 13.

Dýrleif hvatti alla í salnum til að senda fólk í skólann. Ekki urðu fleiri umræður um skýrslur nefnda.

10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.

Guðfinna kynnti tillögu að starfsáætlun næsta árs og skipti í hópa.

Tillaga stjórnar að starfsáætlun Bandalags íslenskra leikfélaga leikárið 2018-2019:

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi-



Benedikt Axelsson

inni.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.
3. Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Hópstjórar eru:

1. Anna María Hjálmarsdóttir, Freyvangsleikshúsinu
2. Herdís Ragna Þorgeirsdóttir, Halaleikhópnum
3. Gunnar Björn Guðmundsson, Leikfélagi Hafnarfjarðar
4. Brynhildur Sveinsdóttir Leikfélagi Mosfellsveitar
5. Jónheiður Ísleifsdóttir, Leikfélagi Selfoss.

11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal.

Dýrleif auglýsti eftir framboði í varastjórn og óskaði eftir að kynna niðurstöður kjörnefndar síðar á fundinum.

12. Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar.

13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.

Stjórn BÍL lagði fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að 2,5 m.kr. af verkefnastyrk aðildarfélaganna verði látin ganga til rekstrar þjónustumiðstöðvar Bandalagsins.“

Tillagan samþykkt samhljóða.

14. Starfsáætlun afgreidd.

Starfshópar kynntu niðurstöður sínar.

Hópur 1

Almenn starfsemi:

1. Rekstur þjónustustöðvar, leiklistarskóla, leiklistarvefsins og annara fastra liða í starfsemiinni.

Allskonar hugmyndir komu hvernig hægt sé að festa eða klóna Vilborgu áfram því við teljum að ekki sé auðvelt að feta í hennar fótspor en fylgjumst með hvernig komandi fundur verður með ráðuneyti. Herja þarf á mennta- og menningarmálanefnd. Allir í hópnum voru sammála að þessi starfsemi þarf að vera í fullu starfi og þjónustan þarf að vera aðgengileg. Hvetja félög til að styrkja sitt fólk til að fara í skólann. Búa til



Kjartan og Sigurður Rúnarsynir, Hugrún Á. Óskarsdóttir og Valdimar Ingi Guðmundsson

kynningarmyndband um skólann til að auglýsa hann og kynna.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Að áhugaleikfélög myndi samstarf við sitt bæjar- eða sveitarfélag um námskeið, hvort sem það er í skólum eða öðrum vettvangi, sumarnámskeið. En það borgar sig að vera með stuttverkahátíð, það eykur möguleika á hækkun á styrkjum. Einnig að sveitir sameinist í stuttverkahátíð, bæði til að styrkja samstarf og til að styrkja leikfélögin.

3. sérverkefni

1. Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Umræða var um hvar best væri að halda þessa hátíð. Hrepparígur var og fannst hópnum best að þetta yrði út á landi og Akureyri væri vel til þess fallin.

Hópur 2

Hópstjóri: Herdís (Halaleikhópurinn)

Ritari: Díska (Freyvangsleikhúsið)

Almenn starfsemi:

1. Þjónustumiðstöðin: Gegnir lykilhlutverki í starfsemi félagsins og mikil ánægja er með störf Vilborgar og það verður eftirsjá að henni. Hópurinn leggur til að leitað verði að eftirmanni hennar úr röðum félagsmanna.

Hópurinn leggur til að leitað verði leiða að samrekstri skrifstofu með fleirum s.s. annarri menningarstarfsemi eða kynningarmiðstöðvum. Slíkt fyrirkomulag býður upp á hagræðingu í rekstri og samnýtingu tækja.

Hugmynd: Verður þjónustumiðstöðin að vera staðsett á höfuðborgarsvæðinu? Getur verslunin verið bara á vefnum?

Leiklistarskólinn: Almenn ánægja með starf skólans og staðsetningu hans á Reykjum.

Leiklistarvefurinn: Fram kom tillaga um að öll félögin væru með bókunarvef undir einum hatti á leiklist.is (svipað fyrirkomulag og tix.is). Hópurinn leggur til að skoðað verði hver kostnaður yrði við að koma upp slíkum vef. Að sameina félögin á þennan hátt býður upp á einfaldari bókunarmöguleika, væntanlega ódýrari kost fyrir félögin og eykur umferð inn á vefinn sem gæti gefið færi á að selja auglýsingar á leiklist.is.

Aðrir liðir: Áhugi var fyrir því að endurvekja



Magnþóra Kristjánsdóttir

stuttverkahátíð – það gæti einnig verið til fjáröflunar fyrir þjónustumiðstöð – stuðlar einnig að auknu samstarfi aðildarfélaga.

2. Framlög: Með aukinni umferð á vefnum leiklist.is (sbr. hugmynd um bókunarvef) væri e.t.v. möguleiki á að selja auglýsingar á vefnum.

Hugmynd: Hefur verið leitað eftir bakhjörllum fyrir starfsemina? Ef einhver fengist til að halda utan um slíkt ferli þá væri hægt að senda út bréf til álitlegra styrktaraðila. Því þarf svo að fylgja eftir með símtali eða fundi með viðkomandi til að ljá því aukið vægi.

Annað: Munum að tryggja gott aðgengi fyrir alla að fundum, skólanum, hátíðum og þingi á vegum Bandalagsins.

Sérverkefni:

Leiklistarhátíð í tilefni að 70 ára afmæli BÍL 2020. Hópurinn gerir það að tillögu sinni að hátíðin verði haldin á landsbyggðinni, Akureyri/Suðurland/ Borgarfjörður.

Velja þarf fólk í undirbúningsnefnd sem fyrst til að setja fram ramma um dagskrá hátíðarinnar. Áhugi var fyrir að bjóða áhugaleikfélögum/samstarfsaðilum frá öðrum löndum að taka þátt.

Hópur 3

Kolbrún Húsavík, Stebba Halaleikhópi, Hulda Ölfus, Oddfreyja Ölfus, Hugrún Hveragerði, Sólveig Fljótsdalshéraði, Benni Axels Biskups-tungur, Halldóra Freyvangi, Gunnar Björn Hafnarfirði, Inga Lára Hafnarfirði.

Almenn starfsemi

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Þjónustumiðstöð. Til góðs að geta verið inni í aðstöðu með öðrum og ná þannig að spara húsnæðiskostnað, en við verðum að hafa gott aðgengi að okkar starfsmanni (framkvæmdastjóra). Huga þarf að aðgengi fyrir alla.

Gríðarlega mikilvægt að hafa framkvæmdastjóra í fullu starfi. Þarf að fá öflugan einstakling úr röðum bandalagsins til þess að taka við af Vilborgu. Hætt við að það gæti lent í skúffu ef þetta fer í fangið á öðru batteríi.

Þjónustumiðstöðin er svo mikilvæg sem miðja sem heldur utanum alla starfsemi Bandalagsins. Ekkert því til fyrirstöðu að reksturinn færi út á land, t.d. í Hörgárdalinn, ef svo ber undir. Leggjum til að Þráinn taki framkvæmdastjóra-stöðuna að sér. Hörður kæmi sterkur inn. Það



Ingvaldur Lára Þórðardóttir

liggur á að huga að arftaka Vilborgar svo hægt sé að þjálfva viðkomandi í að taka við.

Leiklistarskóli. Allt í góðum höndum og góðum farvegi. Mikilvægt að hvetja félagi til þess að fara í skólann, það skilar sér margfalt inn í starfseminu. Við eigum þennan skóla.

Þjóða utanaðkomandi til að fullnýta skólann ef Bandalagsfélagar nýta hann ekki.

Leiklistarvefur. Sömuleiðis allt í góðum höndum og farvegi.

Aðrir fastir liðir. Þarf að leita leiða til að kynna starfseminu betur, til að ná til leikfélaga sem eru minna virk. Leggjum til að BÍL-bíllinn fari um landið í sumar til að selja bókina, fær hagnaðinn af bókinni. Gott sumarstarf fyrir hressan einstakling. Mætti gera framhaldsferiu af bókinni þannig að þetta gæti orðið fast gígg fyrir viðkomandi árum saman. Gunnar Björn óskar eftir kvikmyndaréttinum því hann hefur gott aðgengi að ódýrum leikurum sem kunna handritið.

2. Leita eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Til 'íða. Nefnt að það sé hefð fyrir því í sumum sveitarfélögum (ef ekki flestum) að leita til banka

eða annarra einkaaðila til stuðnings vegna verkefna. Sum sveitarfélög standa vel við bakið á sínum leikfélögum, önnur ekki.

Bandalagið. Ýmsir erlendir sjóðir til sem hægt er að leita í vegna tiltekinna verkefna, ss. fyrir 70 ára afmælinu. Halda áfram að vera úti með allar klær í styrkjamálum, bjóða jafnvel sóðafyrirtækjum syndaaflausn.

Sérverkefni

3. Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL árið 2020.

Allar sýningar ársins hjá leikfélögum verði afmælisýningar til heiðurs BÍL. Kafli um Bandalagið í öllum leikskrár. Yrðu léttfæranlegar sýningar svo hægt yrði að flytja þær á hátíð, ef áhugi er fyrir hendi hjá viðkomandi leikfélagi. Engar skorður á sýningum. Akureyri væri frábær staður, gætum sýnt víða.

Hópurinn vill benda á mikilvægi þess að menn tali skýrt og skörinort þegar þeir bjóða til veitinga svo þeir valdi ekki vonbrigðum.

Hópur 4

1. Almenn starfsemi



Sara Rós Guðmundsdóttir og Axel Vatnsdal

Þjónustumiðstöðin:

Má reka þjónustumiðstöðina með annarri starfsemi? Deila skrifstofukostnaði?

Er hægt að „outsource“ einhverjum hlutum starfseminnar?

Hvernig kemur ríkið að rekstri ungmannafélagana, erum við á svipuðum stað eða væri möguleiki að hafa þjónustumiðstöðina á öðrum stað, t.d. á landsbyggðinni, ódýrari leiga?

Leiklistarskólinn:

Aðgengi fyrir fatlaða, eru betrubætur mögulegar.

Tækninámskeið, ljós og hljóð?

Förðunarnámskeið?

Leikfélög að halda námskeið saman, þau sem kannski ekki henta skólanum.

Heitara og betra veður.

Leiklistarvefur og önnur föst starfsemi:

Tækjabúnaður; má reyna að sækja um styrk til Advania eða sambærilegra aðila til að endurnýja tækjabúnað gegn auglýsingum í einhvern tíma.

2. Almenn starfsemi, fjármagn:

Aukið fé og styrkir

Auglýsingaöflun í leikskrár og annað fer minnkandi, hvers vegna? Orðið meira rafrænt og sjálfvirkt hjá fyrirtækjum.

Ljóst að framlag stjórnvalda er mjög mikilvægt,

hvers virði eru leikfélögin? Hvað hafa íþróttafélögin fram yfir leiklistina?

Á hvaða forsendum erum við að sækja fé úr opinberum sjóðum, erum við að segja það sem sjóðirnir vilja heyra?

Er mögulegt að gera samning við eitthvert stórfyrirtæki líkt og íþróttafélögin?

Tala við KS.

Erfitt að sækja fé í fyrirtæki, er offramboð á menningu?

3. Sérverkefni, Leiklistarhátíð 70 ára afmæli BÍL 2020.

Sækja sérstaklega um styrk til hátíðarhaldanna, til ríkis eða stórfyrirtækis.

Dreifa á nokkur leikfélög á sama svæði og hátíðin verði haldin á svæðinu öllu, hálfgerð HM leiklistarinnar.

Skrifa sérleg verk fyrir hátíðina, þema eða landsfjórðungatengt.

Þjóðleikskonceptið.

Verndari hátíðarinnar, forsetinn... Hann Forsetinn!

Vera sýnileg, vera grand, taka áhættu, hugsa stórt.

Opin leikhús um allt land þennan dag, auglýst á landsvísu.

Hópur 5

Almenn starfsemi



Sigrún Sighvatsdóttir, Stefán Ólafsson og Stefán Örn Viðarsson

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar, Leiklistarskóla, Leiklistarvefsins og annarra fastra liða í starfsemi.

Við viljum lýsa ánægju okkar með frábæra þjónustu Vilborgar í þjónustumiðstöð BÍL síðustu 40 ár og munum við sakna hennar mikið.

Mikilvægt verður að velja vel nýjan framkvæmdastjóra og að rekstur haldi áfram í óbreyttri mynd en renni ekki inn í rekstur annarrar stofnunar.

Mikil ánægja er með starfsemi Bandalagsskólans og var samvinna milli námskeiða á síðasta ári sérstaklega ánægjuleg. Ný staðsetning skólans er frábær og aðstaðan hentaði vel fyrir starfsemi.

Almenn ánægja er með vef Bandalagsins.

2. Leitað eftir hækkuðum framlögum úr opinberum sjóðum og frá einkaaðilum til starfsemi áhugaleikfélaganna og sameiginlegra verkefna.

Við ræddum mikið hvaða rökum væri hægt að beita til að fá ríkið til að hækka styrki til bandalagsins og leikfélagana og hér er samantekt á þeim hugmyndum sem komu fram:

Aðstaða - leiklistariðkun þarfnast aðstöðu og rekstur og viðhald húsnæðis er kostnaðarsamt.

Menning og þátttaka í þroskandi menningarstarfi í nærumhverfi er mikilvæg samfélaginu og það þarf að vera einhver annar valkostur fyrir börn og unglinga en íþróttir. Mikilvægt er að efla grasrót menningarstarfsemi út um allt land með því að veita börnum og fullorðnum aðgang að metnaðarfullri listsköpun.

Styrkir hafa lítið hækkað síðan í hruninu fyrir 10 árum. Fyrr á árum var miðað við að fullur styrkur fyrir sýningu í fullri lengd dyggði fyrir leikstjóraunum. Á síðasta ári var hann u.þ.b. einn þriðji af þeim. Sem sýnir að þeir hafa alls ekki fylgt verðlags- og launaþróun síðustu ára.

Erfitt er að sækja aðra styrki til ríkis eða í aðra sjóði eins og t.d. til ferðalaga á leiklistarhátíðir og þurfa leikfélög og leikfélagar að standa straum af öllum kostnaði við þær, þó að íslenskt áhuga-leikhús sé frábær fulltrúi menningarstarfsemi á Íslandi.

Við leggjum til að beðið verði um hækkun á styrk frá 18 milljónum í 50 milljónir. Það væri t.d. hægt að fækka alþingismönnum um tvo.

Einnig kom upp sú hugmynd að afla fjár með því að stofna smálánafyrirtæki BÍLLÁN en siðferði þeirrar hugmyndar mældist misjafnlega fyrir í hópnum :).



Stefanía B. Björnsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir og Oddfreyja Oddfreysdóttir

Sérverkefni

1. Undirbúningur að leiklistarhátíð í einhverju formi sem haldin yrði í tengslum við 70 ára afmæli BÍL.

Upp kom sú hugmynd að hafa samband við Listahátíð í Reykjavík og sjá hvort leiklistarhátíð gæti fallið inn í dagskrá Listahátíðar 2020. Núverandi formaður listahátíðar er Vigdís Jakobsdóttir, sem starfaði um árabíl með áhugaleikfélögum og þekkir því vel til þeirra. Einnig hefur verið rætt um tengingu listahátíðar við alþýðumenningu, sem okkur þykir eiga vel við í tilfalli BÍL og áhugaleiklistar.

Einnig komu fram nokkrar tillögur að formi hátíðar:

Hvetja áhugaleikfélögin á næsta þingi til að setja upp „færanleg“ verk sem hægt væri að taka með á téða leiklistarhátíð.

Semja eitt handrit sem félögin myndu svo koma með mismunandi atriði úr.

Semja tvö stuttverkahandrit sem félögin myndu setja upp þannig að við fengjum margar útgáfur af sama verki (Þjóðleiksformið).

Tillaga stjórnar samþykkt án viðbóta.

Fundi frestað til morguns.

Fundi framhaldið 6. maí kl. 10:00

15. Stjórnarkjör.

Í framboði til aðalstjórnar eru Þráinn Sigvaldason, Anna María Hjálmarsdóttir og Ólöf Þórðardóttir. Eru þau því sjálfkjörin í aðalstjórn. Bernharð Arnarson gaf ekki kost á sér.

Í framboði til varastjórnar eru Sigríður Hafsteinsdóttir, Hanna Margrét Kristleifsdóttir, Hafsteinn Þórisson og Magnþóra Kristjánsdóttir. Frambjóðendur héldu magnaðar framboðsræður og svo var gengið til kosninga. Kjör hlutu Sigríður og Magnþóra.

16. a. Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.

b. Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.

a. Kjörnefnd skipa Dýrleif Jónsdóttir, Gerður H Sigurðardóttir, Sigríður Lára Sigurjónsdóttir og Axel Vatnsdal til vara.

b. Skoðunarmenn reikninga verða Hrefna Friðriksdóttir, Jónheiður Ísleifsdóttir og Oddfreyja H Oddfreysdóttir til vara.



Vilborg Valgarðsdóttir

17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins

Gísli Björn Heimisson kynnti tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar að árgjaldi leikárið 2018-2019: Stjórn Bandalags íslenskra leikfélaga leggur til að árgjöld aðildarféлага fyrir leikárið 2018-2019 verði kr. 71.600.

Félög sem setja upp tvær styrkhæfar sýningar á leikárinu borgi eitt og hálf gald eða kr. 107.400 og félög sem setja upp þrjár sýningar eða fleiri borgi tvöfalt gald eða kr. 143.200.

Félög sem setja ekki upp styrkhæfa sýningu á leikárinu borgi hálf gald eða kr. 35.800.

Gísli útskýrði að hækkunin væri í samræmi við launavísitölu VR eða 4%.

Tillagan borin undir fundinn og samþykkt.

18. Önnur mál.

Vilborg Valgarðsdóttir kom í pontu og ræddi um aðgengi fyrir fatlaða í Bandalagsskólanum. Ekki er von til þess að aðstæður í þeim efnum batni í Reykjaskóla.

Anna María Hjálmarsdóttir kynnti hugmynd sem kviknaði varðandi sölu á bókinni góðu, Allt fyrir andann, það er að fá Herbert Guðmundsson til að selja hana. Herdís sagði frá því að hún væri dugleg

að selja bókina á bókamörkuðum. Hafrún hvatti fundarmenn til þess að kaupa bókina.

Guðrún Esther Árnadóttir spurði hvort fólk fengi afslátt í skólann ef það þarf að hafa með sér aðstoðarmenn vegna skorts á aðgengi fyrir fatlaða.

19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

Berglind Ósk Ingólfssdóttir og Kolbrún Ada Gunnarsdóttir frá Leikfélagi Húsavíkur bjóða þinginu heim að ári og var því fagnað með lófa-klappi.

Guðfinna formaður steig í pontu og þakkaði gestgjöfunum fyrir góðar móttökur og fundarmönnum fyrir góðan fund. Einnig þakkaði hún þeim sem eru að hverfa úr stjórn og bauð nýtt fólk velkomið.

Hún áréttaði mikilvægi þess að sveitarfélögin styðji við bakið á leikfélögunum og stefnir á að stjórn beiti sér í að þrýsta á sveitarfélögin að gera betur í þessum efnum.

Hún hvatti féлага til að vera duglega að peppa hverja aðra upp og kynna starf leikfélaganna, deila viðburðum og segja frá sýningum.

Fundi slitið kl. 10:48.

Stuttverkahátíð í Logalandi 4. maí 2018

Sýningar voru:

Leikfélag Selfoss

Litla gula hænna

Höfundur: Margaret Atwood

Þýðing og leikstjórn: Guðfinna Gunnarsdóttir

Leikari: Sigríður Hafsteindóttir



Leikfélag Selfoss

Leikfélag Hafnarfjarðar

Strípur og píkur

4 örþættir - röð eða ekki röð

Höfundar: Ingveldur Lára Þórðardóttir, Steinunn Þorsteinsdóttir og Sigrún Tryggvadóttir

Leikstjórn: Hópurinn

Leikarar: Stefán H. Jóhannesson, Gunnar Björn Guðmundsson, Gísli Björn Heimisson og Aðalsteinn Jóhannsson.



Leikfélag Mosfellssveitar

Leikfélag Mosfellssveitar

Skugga Sveinn

Leikstjórar og leikendur: Ólöf Þórðardóttir, María Guðmundsdóttir, Guðrún Esther Árnadóttir, Brynhildur Sveinsdóttir og Herdís Þorgeirsdóttir

Umf. Reykdæla

Allt fyrir andann

Höfundur og leikstjóri: Embla Guðmundsdóttir

Leikarar: Jón Pétursson, Hafsteinn Þórisson, Þóra Árnadóttir, Bára Einarsdóttir, Einar Ólafsson og Guðmundur Pétursson.



Umf. Reykdæla



Leikfélag Hafnarfjarðar

Fyrirlestrar í Logalandi 5. maí 2018

1) Vefur leikfélagsins

Hörður Sigurðarson

Hvernig eiginn vefur nýtist leikfélaginu fyrir kynningu, skipulag og varðveislu gagna.

2) Hljóð, mynd og ljós með Qlab

Hörður Sigurðarson

Hraðsoðin kynning á Qlab hugbúnaðinum fyrir hönnun og keyrslu á hljóði, mynd og ljósum í leiksýningum.

3) Office 365

Stefán Örn Viðarsson

Kynning á Office365 og hvað það hefur upp á að bjóða fyrir leikfélögin í landinu en samkvæmt leyfisskilmálum Microsoft eiga öll „non-profit“ samtök rétt á ókeypis leyfum í þessu kerfi. Farið verður yfir almenna hluti eins og pósthýsingar, lénhýsingar og gagnavörslu ásamt stuttri kynningu á sjaldgæfari kerfum eins og Sharepoint, Skype for Business og Planner.

4) Google þjónustur og vistun gagna í skýinu

Gísli Björn Heimisson

Google þjónustur – Skoðaðir kostir þess að nota þjónustur Google á vefnum.

Google docs í stað Word

Google sheets í stað Excel

Google slides í stað Powerpoint

Google drive. Vistun gagna í skýinu – Skoðaðir ýmsir möguleikar við að vista gögn í skýinu

Dropbox

Google drive

Onedrive

Youtube

Að auki ef tími gefst til:

Vista upptökur af uppfærslum og meðhöndlun þeirra fyrir innsendingu vegna styrkumsókna hjá BÍL.



Hörður



Stefán



Gísli Björn

Erlent samstarf, sjá skýrslu um fundina í Mónakó á bls. 56

AITA/IATA leiklistarhátíðin í Mónakó 2017

Dagbók Leikfélags Hafnarfjarðar



27. ágúst

Ævintýraferð Ubba á leiklistarhátíðina Mondial du Theatre í Mónakó hófst að kvöldi fimmtudagsins 24. ágúst þegar fyrri helmingur hópsins lagði í hann. Flogið var til Düsseldorf og þaðan til Nice þar sem fulltrúi hátíðarinnar beið eftir okkur keikur og hress á flugvöllinum. Hluti hópsins fór í leiðangur til að leita uppi leikmuni sem fyrirhugað var að kaupa í Nice en með hina var farið beinustu krókaleið í miðstöð hátíðarinnar, sem er í Auditorium Rainier III við höfnina í Monte-Carlo.

Hátíðin er haldin í undurfallegu umhverfi við höfnina. Leikhóparnir, 24 alls, koma alls staðar að og sýnir hver hópur tvisvar. Sýningar okkar verða 29. og 30. ágúst. Leikhúsin eru þrjú og hvert öðru glæsilegra. Sex sýningar eru á hverju kvöldi.

Hópnum var boðið til glæsilegrar veislu strax fyrsta kvöldið í tilefni 60 ára afmælis hátíðarinnar. Við vorum ósköp framlág þegar við skriðum í ból að kvöldi eftir rúmlega 40 tíma vöku. Spræk og hress héldum við svo af stað á laugardagsmorgni að kanna umhverfið og hátíðarsvæðið. Um kvöldið sáum við þrjár sýningar í stórglæsilegum sal Garnier óperunnar, fulltrúa Belgíu, Ítalíu og Japans.

Nú bíðum við spennit eftir því að seinni hópurinn komi til Mónakó og við verðum öll sameinuð. Þá verður haldin formleg móttaka fyrir okkur.

28. ágúst.

Nú er sveittur dagur á enda runninn og á morgun munu Ubbi kóngur, Ubba kerling og allt þeirra hyski stíga á stökk í Princess Grace leikhúsinu í Mónakó.

Hópurinn okkar sameinaðist seinnipartinn á sunnudag í höfuðstöðvum hátíðarinnar, Auditorium Rainier III. Þar var haldin formleg móttaka og við boðin velkomin í hóp hinna landanna sem eiga fulltrúa á hátíðinni. Þá fengum við einnig að vita að væntingar manna til uppsetningarinnar okkar væru miklar. Við höfum heyrt það víða á síðustu dögum og erum því staðráðin í að standa okkur og slá í gegn.

Dagskráin hjá okkur er þétt. Á kvöldin eru leik-sýningar frá kl. 18 til 22 og svo safnast þátttakendur saman í höfuðstöðvunum áður en hver heldur til síns heima. Það var ekkert gefið eftir í því á sunnudagskvöld þó nýkomnu félagarnir væru örþreyttir, heldur rétt náðist að skutla töskum á hótelið og svo var brunað beint í leikhús. Írarnir buðu svo uppá veitingar og skemmtiatriði á eftir. Að því loknu buðu stórvinir okkar, Færeyingarnir Hilmar og Gunnvör Joensen og Noomi Reinert, okkur heim og við sungum um Ólaf liljurós fyrir Fransmenn.

Á mánudagsmorgun var okkur boðið í móttöku borgarstjóra í Jardin Exotique, ásamt þátttakendum frá Írlandi, Mexíkó og Víetnam. Þar vorum við að reyna að vera pen og próper í 28 stiga hita og um það bil 80% raka. Víetnamarnir voru einkar vel til fara.

Svo var stússað framundir það að leiksýningar kvöldsins byrjuðu, en flestir í hópnum kusu að sjá sýningar í leikhúsinu okkar, Princess Grace. Fall-egt og skemmtilegt hús sem lítur ekki út fyrir að vera stórt en sjálfur sýningarsalurinn er á mínus fjórðu hæð. Það leggst vel í okkur að sýna í þessu húsi og við hlökkum til.

P.S. Við erum með stórkostlega aðstoðarkonu hér, Geraldine, sem gerir allt fyrir okkur. Hún sér líka um að borga fyrir okkur í strætó þegar hátíðar-skutlubílstjórnarnir eru vant viðlátir.

5. september

Ubbaliðið er að skríða saman og niður úr skýjunum eftir síðustu sólarhringa. Þeir hafa verið ótrúlega viðburðaríkir og stífir, en nú erum við komin til Nice og búin að sofa úr okkur ævintýraþreytuna.

Þriðjudagurinn 29. ágúst hófst snemma á hótelinu okkar í Beausoleil. Að mörgu var að hyggja við að undirbúa sýninguna okkar og íslenska boðið sem til stóð að halda um kvöldið fyrir aðra þátttakendur og heimamenn. Við vorum sótt rétt fyrir tvö og farið með okkur og leikmynd og muni í Princess Grace leikhúsið, þar sem við höfðum tíma til klukkan fimm til að setja upp, fara yfir tæknimál og prófa sviðið.

Stundvíslega klukkan sex hófst svo fyrri sýningin á Ubba kóngi. Tveir aðrir leikhópar sýndu í leikhúsinu þetta kvöld, frá Víetnam og Slóvakíu. Sýningar kvöldsins voru mjög ólíkar. Víetnamski hópurinn gaf okkur innsýn í menningu sína með hefðbundinni uppsetningu á trúarlegu verki. Slóvakíska sýningin var hins vegar allt annað en hefðbundin, afskaplega fersk og skemmtileg pólitísk ádeila, The Trial of Genesis, flutt af ungum og sprækum leikhóp frá Bratislava sem kallar sig Súbor Uložít ako.

Af þeim fjórtán verkum sem hópurinn okkar sá á hátíðinni þótti okkur það slóvakíska standa uppúr. Bandaríska verkið, Tshepang: The Third Testament eftir Lara Foot, hafði líka mikil áhrif á okkar fólk. Það var einstaklega vel flutt af leikhópnum Actors Warehouse frá Gainesville. Verkið var dökkt og sterkt, uppsetningin einföld og upplifunin einkar áhrifamikil. Þriðja verkið sem vert er að nefna sérstaklega heitir Me and my Friend eftir Gillian Plowman og var flutt af Rasper Players frá Gorey á Írlandi. Mjög gott verk og sterkur leikur skilaði þar afskaplega eftirminnilegri sýningu.

Það var spennan í lofti fyrir fyrri sýningarkvöldið. Aðstæður okkar höfðu boðið uppá ýmsar breytingar á Ubba kóngi. Leikurum hafði fækkað um þrjá frá upphaflegri sýningu, þar af tvo frá því að það var síðast sýnt í Austurríki. Aðrir leikarar bættu á sig verkefnum þeirra. Að auki datt fjórði leikarinn út á síðustu metrunum, ljósamaðurinn stökk inn í hans stað og þurfti að læra sitt hlutverk á núll einni. Við þurftum líka að breyta sviðsmynd og leikmunum eftir aðstæðum. Við þetta bættist svo að verkið þurfti að stytta samkvæmt kröfum Mondial hátíðarinnar. Þar sem Leikfélag Hafnarfjarðar er húsnæðislaust gafst ekki mikið rými til æfinga fyrir ferðina, en Leikfélag Kópavogs sá aumur á okkur og skaut yfir okkur skjólshúsi af

miklum rausnarskap svo við gátum tekið nokkrar æfingar.

Það var ekki að sjá á leikhópnum okkar að hann væri lítið æfður. Fyrri sýningin gekk glimrandi og subbulegi Ubbi kóngur, maddama Ubba og allt þeirra gróteska gengi sló í gegn. Einni manneskju ofbauð svo að hún gekk út og einhverjir færðu sig aftar í salinn þegar Ubbi karlinn skvetti úr gesta-klósettinu yfir áhorfendur. Aðrir gengu himinlifandi út. Við líka.

Morguninn eftir þakti frábær umfjöllun um Ubba kóng forsíðu fréttablaðs hátíðarinnar undir fyrirsögninni Oh! Sweet mental illness! Okkur hlýnaði um hjartaræturnar við það. Á umræðum morgunsins um frumsýningar kvöldsins áður var borð stjórnendanna skreytt með klósettbursta og -pappír okkur til heiðurs. Skemmtilegar umræður sköpuðust um sýninguna okkar, sem og hinar sýningarnar.

Að umræðum loknum bauð innanríkisráðherra Mónakó, Patrice Cellario, fulltrúa hópsins í hádegisverð ásamt fulltrúum Slóvakíu og Víetnam

og ýmsu fyrirfólki. Á meðan gátu hinir notið frelsis í nokkra tíma og reddað því sem redda þurfti fyrir kvöldið.

Klukkan fimm var svo mætt í leikhúsið á ný. Ubbi kóngur var síðasta sýning hátíðarinnar, sérstaklega valin til þess, fréttum við eftirá. Skemmt er frá því að segja að leikhópurinn var í rífandi formi og átti salinn frá fyrstu mínútu. Fagnaðarlætin og fjörið var ótrúlegt og þegar hópurinn mætti í lokahófið sem haldið var eftir sýninguna var þeim fagnað eins og rokkstjörnum.

Lokahófið var haldið í drellifnum snekkjuklúbbi í Monte Carlo. Þar skemmtum við okkur inn í nóttina og nutum þess að hafa staðið okkur eins og hetjur og staðið undir væntingum forsvarsmanna hátíðarinnar, sem veðjuðu á okkur og vildu allt til vinna til þess að hafa sýninguna okkar með. Stolt en ósköp lúin pökkuðum við svo saman morguninn eftir og kvöddum Mónakó með söknuð í hjarta á hádegi.

*Fyrir hönd hópsins;
Ingveldur Lára Þórðardóttir*



Ársreikningur 2017



Bandalag íslenskra leikfélaga

ÁRSREIKNINGUR

2017

Bandalag íslenskra leikfélaga
Kleppsmýrarvegi 8
104 Reykjavík
Kt.: 440169-0239

Bandalag íslenskra leikfélaga**ÁRSREIKNINGUR**

2017**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar og framkv.stjóra	2
Áritun viðurkennds bókara	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sundurliðanir	7 - 8

Áritun Bókhalds og kennslu ehf


Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Bandalag íslenskra leikfélaga vegna ársins 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-8

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða Bandalag íslenskra leikfélaga við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Við höfum tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Við höfum ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreiknings er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli, koma þar fram.

Reykjavík, 25. febrúar 2018



Bókhald og kennsla ehf
Inga Jóna Óskarsdóttir, viðurkenndur bókarí

Við undirritaðir, félagslegir skoðunarmenn Bandalags íslenskra leikfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2017 og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 12. mars 2018



Anna Jörunn Stefánsdóttir



Hrefna Friðriksdóttir

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga staðfesta hér með ársreikning Bandalagsins fyrir árið 2017 með áritun sinni

Reykjavík, 18. mars 2018

Stjórn:

Guðfanna Gunnarsdóttir
 Dóttir H. Þórunn
 Þórunn Eiríksdóttir Guðmundsdóttir
 Laska Björk
 Jónína Sigrúna
 Bernhard Arnarson

Framkvæmdastjóri:

Vilborg Vágarðsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2017

Rekstrartekjur	skýr	2017	2016
Árgjöld, styrkir og fleira:			
Árgjöld aðildarféлага		3.182.250	3.551.000
Ríkissjóðsstyrkur		6.000.000	6.000.000
Aðrir styrkir		2.500.005	1.000.000
Leiklistarskóli BÍL	1	4.587.500	4.513.000
www.leiklist.is	2	97.500	345.000
Aðrar tekjur	3	484.038	494.566
Samtals		<u>16.851.293</u>	<u>15.903.566</u>
Sala:			
Sala á farða		2.472.814	2.960.443
Sala á handritum		448.867	561.492
Sala á bókum		77.539	16.171
Samtals		<u>2.999.220</u>	<u>3.538.106</u>
Rekstrartekjur samtals		<u>19.850.513</u>	<u>19.441.672</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara og fleira:			
Farði		1.257.366	1.622.171
Handrit		420.697	499.408
Birgðabreyting		-205.145	355.517
Afskrifaðar ónýtar vörur		49.092	140.367
Samtals		<u>1.522.010</u>	<u>2.617.463</u>
Laun og launat. gjöld	4	9.735.049	9.571.941
Ýmiss rekstrarkostnaður	5	1.618.231	1.552.793
Húsaleiga		1.157.122	1.136.333
Leiklistarskóli BÍL	1	4.179.085	4.266.295
www.leiklist.is	2	24.954	336.232
Vaxtagjöld		39.486	131.551
Afskriftir fastafjármuna	6	31.325	29.088
Samtals		<u>16.785.252</u>	<u>17.024.233</u>
Rekstrargjöld samtals		<u>18.307.262</u>	<u>19.641.696</u>
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS		<u>1.543.251</u>	<u>-200.024</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	skýr	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Innréttingar og húsbúnaður		0	31.325
Samtals		<u>0</u>	<u>31.325</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	7	2.586.180	2.430.127
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		87.944	75.090
Inneign í vsk		35.998	6.077
Handbært fé	8	288.733	286.668
Samtals		<u>2.998.855</u>	<u>2.797.963</u>
Eignir samtals		<u><u>2.998.855</u></u>	<u><u>2.829.288</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eigið fé og skuldir	skýr	31.12.2017	31.12.2016
Eigið fé			
Höfuðstóll 1.1.		226.555	426.579
Rekstrarhagnaður (tap)		<u>1.543.251</u>	<u>-200.024</u>
Eigið fé alls		<u>1.769.806</u>	<u>226.555</u>
Skuldir			
Bankareikningslán		460.577	1.502.538
Ýmsir lánaðrotnar		211.322	458.679
Ógreidd laun og launatengd gjöld		<u>557.150</u>	<u>641.516</u>
Samtals		<u>1.229.049</u>	<u>2.602.733</u>
Eigið fé og skuldir		<u><u>2.998.855</u></u>	<u><u>2.829.288</u></u>

Sundurliðanir

	2017	2016
1. Leiklistarskóli BIL		
Tekjur		
Reykjaskóli - Þátttökugjöld nemenda	4.433.500	4.513.000
20 ára afmæli	154.000	0
Samtals	4.587.500	4.513.000
Gjöld		
Reykjaskóli	3.962.195	4.266.295
20 ára afmæli	216.890	0
Samtals	4.179.085	4.266.295
2. www.leiklist.is		
Tekjur		
Skráningargjöld	27.500	35.000
Umsóknarkerfi	70.000	310.000
Samtals	97.500	345.000
Gjöld		
Dropbox vefafritun	12.889	24.235
Hýsing vefs og áskrift þjónustu	6.230	6.230
Umsóknarkerfi	0	300.000
Viðhald og endurbætur	5.835	5.767
Samtals	24.954	336.232
3. Aðrar tekjur		
Ýmsar tekjur	169	0
Vaxtatekjur - fjárskattur	27.343	16.652
Tekjur vegna innheimtu höfundarlauna	456.526	477.914
Samtals	484.038	494.566
4. Laun og launatengd gjöld		
Laun starfsfólks	6.718.622	6.611.974
Lífeyrissjóðsgjöld	750.606	677.967
Sjúkra-, orlofs- og starfsmenntasjóður	110.625	117.361
Tryggingagjald	507.836	517.279
Dagpeningar	1.647.360	1.647.360
Samtals	9.735.049	9.571.941
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Ræsting	92.000	93.000
Vátryggingar	103.832	101.936
Burðargjöld	0	14.421
Símakostnaður	136.025	191.855
Ritföng	11.945	4.983
Þjónustugjöld fjármálastofnana	109.758	111.813
Rekstur tölvukerfis	0	57.474
Kaffi og hreinlætisvörur	11.394	4.085
Kynningarstarf og auglýsingar	3.536	5.427
Gjaldfærð áhöld	0	16.157
Framhald á næstu síðu	468.490	601.151

Sundurliðanir, framhald

	2017	2016
5. Ýmiss rekstrarkostnaður		
Flutt af fyrri síðu	468.490	601.151
Stjórnarfundir	92.365	59.426
Aðalfundur BÍL	1.048.332	974.350
Innheimtur kostn. vegna aðalfundar BÍL	-899.900	-754.000
Kostnaður vegna nefnda	10.696	21.819
Kostnaður v. NAR, NUTU, NEATA og IATA	357.500	47.090
Félagsgjald IATA	42.561	50.267
Securitas, vöktun	220.234	229.499
Hugbúnaðarleiga, netbókhalð.is	107.238	99.938
Ársuppgjör og bókhaldsþjónusta	123.690	111.476
Áskrift og bókakaup	10.249	8.574
Gjafir	26.751	24.788
Smááhöld á skrifstofu	5.194	69.322
Annar kostnaður	3.418	7.330
Afskrifaðir reikningar	0	0
Fjármagnstekjuskattur	1.413	1.763
Samtals	1.618.231	1.552.793
6. Varanlegir rekstrarfjármunir		
	Innréttingar og húsbúnaður	Samtals
Bókfært virði 01.01	31.323	60.411
Afskrifað á árinu	31.323	29.088
Bókfært virði 31.12	0	31.323
7. Birgðir		
Birgðir greinast þannig :		
Saga BÍL, bókabirgðir	130.000	121.520
Farði	2.456.180	2.308.607
	2.586.180	2.430.127
8. Handbært fé		
Húsaleigutrygging 0301-13-304003	284.050	279.555
Sjóður - peningakassi	4.683	7.113
	288.733	286.668

Lög Bandalags íslenskra leikfélaga

1. grein

Samtökin nefnast Bandalag íslenskra leikfélaga. Heimili Bandalagsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bandalagið er landssamtök áhugaleikfélaga á Íslandi og kemur fram fyrir hönd leikfélaganna gagnvart íslenskum og erlendum yfirvöldum. Það gætir hagsmuna áhugaleiklistarinnar innan samtaka leikhúsfólks, t.d. í Leiklistarsambandi Íslands og fer með aðild Íslands að Norræna áhugaleikhúsráðinu, NAR, Norður-evrópska áhugaleikhúsráðinu, NEATA, og Aþjóðlega áhugaleikhúsráðinu, IATA.

3. grein

Markmið Bandalagsins er að vinna að þróun og eflingu leiklistar á Íslandi.

Markmiði þessu hyggst það ná með því:

1. að stuðla að uppbyggingu leiklistarstarfs í öllum byggðarlögum landsins.
2. að gera áhugafólki kleift að afla sér menntunar í listinni og skapa því aðstöðu til að þroskast í menningarlegu og faglegu tilliti.
3. að annast innkaup og sölu á varningi sem leiklistarstarfsemin þarfnast.
4. að útvega leikverk og sjá um fjölrítun þeirra eða útgáfu.
5. að útvega leikstjóra/leiðbeinendur sé þess óskað.
6. Að miðla upplýsingum og fræðslu á skilvirkan hátt.
7. að kynna starfsemi íslenskra áhugaleikfélaga innan lands sem utan.
8. að örva leikfélög til að leita nýrra leiða í leiklistarstarfi.

Til að auðvelda sér að ná markmiðum sínum rekur Bandalagið þjónustumiðstöð og heldur úti Leiklistarvefnum.

4. grein

Öll félög áhugamanna, sem hafa leiklist á stefnuskrá sinni og verja öllum sínum tekjum til viðhalds og uppbyggingar leiklistinni sjálfri og ekki eru tengd neinni stofnun, geta gerst aðilar að Bandalaginu. Heimilt er þó að veita leikfélögum aldraðra og öryrkja aðild, þó þau séu tengd stofnun, enda uppfylli þau önnur skilyrði um inngöngu. Inngöngubeiðni þarf að vera skrifleg og skal fylgja afrit af lögum félagsins og upplýsingar um hverjir skipa stjórn þess. Stjórn Bandalagsins afgreiðir inngöngubeiðnir og leggur samþykktar beiðnir fram til staðfestingar á aðalfundi. Gæta þarf þess að félagslög brjóti ekki í bága við lög Bandalagsins. Aðildarfélag greiða árgjöld til Bandalagsins samkvæmt ákvörðun aðalfundar þess. Gjaldþagi árgjalda er 1. september.

5. grein

Bandalagið aflar sér tekna með:

1. Opinberum styrkjum.
2. Árgjöldum félaganna.
3. Öðrum þeim leiðum sem stjórn og framkvæmdastjóri sameiginlega telja færar.

6. grein

a) Aðalfundur er æðsta vald Bandalagsins og skal hann haldinn eigi síðar en í september ár hvert. Stjórn Bandalagsins ákveður þingstað hverju sinni. Aðalfundur skal boðaður með minnst mánaðar fyrirvara. Í fundarboði skal tilgreina þingstað, fundartíma og dagskrá fundarins. Fundarboði skulu fylgja reikningar Bandalagsins og framkomnar lagabreytingartillögur. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar þjónustumiðstöð Bandalagsins eigi síðar en 6 vikum fyrir aðalfund. Hvert aðildarfélag hefur eitt atkvæði á aðalfundi og skal einn fulltrúi fara með atkvæðið. Heimilt er að tilnefna annan fulltrúa til vara. Allir fundarmenn hafa málfrelsi og tillögurétt. Kjörbréf til handa fulltrúanum og varamanni hans skulu staðfest af formanni eða ritara viðkomandi félags og afhent starfsfólki þjónustumiðstöðvar fyrir fundinn.

b) Verkefni aðalfundar skulu vera:

1. Fundarsetning. Kosning 2ja fundarstjóra og 2ja fundarritara, sem taka þegar til starfa. Lögmæti fundarins kannað.
2. Kjörnefnd afgreiðir kjörbréf og afhendir atkvæðaspjöld, skýrir stöðu mála varðandi stjórnarkjör og auglýsir eftir tillögum.
3. Menningarstefna Bandalagsins lesin og rædd.
4. Staðfest inntaka nýrra félaga, félög tekin af félagaskrá.
5. Fundargerð síðasta aðalfundar afgreidd.
6. Skýrsla stjórnar.
7. Framkvæmdastjóri leggur fram endurskoðaða reikninga síðasta árs og skýrir þá.
8. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga.
9. Skýrslur nefnda og umræður um þær.
10. Drög að starfsáætlun næsta árs kynnt og skipað í starfshópa.
11. Kjörnefnd tilkynnir niðurstöður sínar og mælir með a.m.k. 1 aðila í hvert sæti sem kjósa skal í.
12. Lagabreytingar.
13. Tillögur lagðar fyrir fundinn.
14. Starfsáætlun afgreidd.
15. Stjórnarkjör.
- 16.a Kosning 3ja manna kjörnefndar og eins varamanns til eins árs.
- 16.b Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga og eins til vara til eins árs.
17. Ákveðið árgjald til Bandalagsins.
18. Önnur mál
19. Næsti aðalfundur, hugmyndir reifaðar um stað og stund.

c) Tillögur sem kjörnefnd getur ekki gert að sínum og tillögur sem berast eftir að kjörnefnd lýkur störfum skulu studdar af a.m.k. 3 atkvæðisbærum fulltrúum. Einfeldur meirihluti atkvæða ræður útslitum mála á aðalfundi, þar sem annað er ekki tekið fram. Enginn getur farið með fleiri en eitt atkvæði á aðalfundi. Til lagabreytinga og brottvikningar úr Bandalaginu þarf 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

d) Kveða skal til aukafundar ef tíu eða fleiri félög óska þess. Framkvæmdastjóri skal þá boða strax til aukafundar og skal hann haldinn innan eins mánaðar frá boðun. Aðalfundir og aukafundir eru löglegir og ályktunarhæfir ef löglega er til þeirra boðað.

e) Fundargerðir aðalfunda skulu samþykktar af stjórn og birtar á Leiklistarvefnum.

7. grein

Stjórn Bandalagsins fer með æðsta vald Bandalagsins milli aðalfunda, hana skipi 5 menn, formaður, varaformaður, ritari og tveir meðstjórnendur. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, þannig að annað árið er kosinn formaður og einn stjórnarmanna, en næsta ár þrír stjórnarmenn. Formaður er kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Á sama hátt skal kjósa ýmist tvo eða þrjá í fimm manna varastjórn. Varastjórnarmenn eru boðaðir á alla stjórnarfundi og hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þegar þeir taka sæti í aðalstjórn vegna forfalla aðalmanna. Kosningar skulu bundnar við uppástungur. Formaður boðar til stjórnarfunda. Halda skal minnst fjóra stjórnarfundi á ári og skulu fundargerðir birtar á Leiklistarvefnum og í Ársriti Bandalagsins. Fundur er lögmætur ef minnst þrír aðalmenn mæta.

8. grein

Stjórn ræður framkvæmdastjóra fyrir Bandalagið, svo og annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri fer með framkvæmdavald í umboði stjórnar. Hann skal annast daglegan rekstur Bandalagsins og vinna að öðru leyti í samræmi við þessi lög. Um önnur nauðsynleg atriði skal fjalla í ráðningarsamningi. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Bandalagsins og aðalfundi þess. Hann, sem og annað fastráðið starfsfólk Bandalagsins, skal hafa málfrelsi og tillögurétt á aðalfundi og öðrum fundum Bandalagsins. Starfsfólk Bandalagsins skal ekki fara með atkvæði á aðalfundi.

9. grein

Starfsfólki Bandalagsins er heimilt að greiða fyrir einstaklingum, skólum og félögum utan Bandalagsins, enda sé

Því kunnugt að það brjóti ekki í bága við hagsmuni Bandalagsfélaganna. Fyrir slíka aðstoð áskilur Bandalagið sér þóknun.

10. grein

Stjórn skipar nefndir til að sinna þeim verkefnum sem þurfa þykir, eða kveðið er á um í starfsáætlun. Stjórn afhendir hverri nefnd skipunarbréf þar sem kveðið er á um hlutverk nefndarinnar. Nefndir starfa eftir tímaramma og gera stjórn grein fyrir framvindu mála sé þess óskað. Nefndir skila skýrslu á aðalfundi.

11. grein

Kjörnefnd starfar milli aðalfunda. Skal hún kanna hug aðildarfélaganna til stjórnarkjörs og taka við tillögum.

12. grein

Reikningsár Bandalagsins er almanaksárið. Reikningar þess skulu settir upp af viðurkenndum bókara eða löggiltum endurskoðanda og skulu þeir vera tilbúnir fyrir skoðunarmenn reikninga eigi síðar er fjórum vikum fyrir aðalfund.

13. grein

Sérhvert aðildarfélag skal senda Bandalaginu ítarlega skýrslu um starfsemi sína, fyrir 10. júní ár hvert, á þar til gerðum eyðublöðum frá þjónustumiðstöðinni. Þar skal getið verkefna á leikárinu, fjölda leiksýninga, sýningarstaða og annars þess sem máli kann að skipta. Á sama tíma skulu stjórnir aðildarfélaganna skila greinargerð um starfsemi ársins til birtingar í Ársriti bandalagsins. Stjórn Bandalagsins er heimilt að setja nánari reglur um hvaða gögn þurfa að fylgja skýrslu.

14. grein

Aðildarfélögum er heimilt að stofna með sér sérsambönd og skulu þau vinna að sameiginlegum hagsmunamálum eftir því sem aðstæður leyfa. Lög og reglur skulu vera í samræmi við lög Bandalagsins.

15. grein

Sé árgjald aðildarfélags eigi greitt fyrir aðalfund missir félagið atkvæðisrétt sinn á fundinum. Vanskil á greiðslu árgjalds í tvö ár veitir stjórn Bandalagsins heimild til að víkja viðkomandi félagi úr Bandalaginu með samþykki aðalfundar. Aðalfundur getur vikið félagi úr Bandalaginu hafi það gerst brotlegt við lög eða samþykktir þess.

16. grein

Heimilt er að stofnsetja sjóði innan Bandalagsins, enda séu þeir ætlaðir til framgangs málefnum þess. Stjórnin setur reglur varðandi lán eða leigu Bandalagsins á eignum þess eða sameiginlegri eign Bandalagsfélaganna í vörslu Bandalagsins.

17. grein

Bandalagsfélög sem ferðast með leikrit til sýninga, skulu hafa samráð við leikfélög á fyrirhuguðum sýningarstöðum, svo sýningar þeirra skaði ekki viðkomandi félög. Í sýningarferðum skulu Bandalagsfélögin aðstoða hvert annað eftir bestu getu.

18. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu eða milli einstakra aðildarfélaga, til stjórnar Bandalagsins.

19. grein

Bandalagi íslenskra leikfélaga verður ekki slitið nema 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á aðalfundi séu því samþykktir. Stjórn Bandalagsins skal þó sitja áfram og boða til annars fundar 4–6 mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 hluta atkvæða að slíta Bandalaginu skulu það heita lögleg félagsslit. Sé Bandalaginu þannig löglega slitið skulu allar eignir þess afhentar menntamálaráðuneytinu til varðveislu og ávöxtunar.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin eldri lög Bandalags íslenskra leikfélaga.

Samþykkt á aðalfundi í Skagafirði 3. maí 2008 með viðbótum frá aðalfundi á Ísafirði 5. maí 2012